

60. ársþing HSÍ

Laugardalshöll

Laugardaginn 22. apríl 2017

Þinggerð



Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti ársþing HSÍ í Laugardalshöll á sextíu ára afmælisárinu, þann 22. apríl 2017.

1. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi

Til þings var boðað 9. mars með rafrænum hætti. Það er vel fyrir lögboðinn fyrirvara. Þingið er því lýst löglegt.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- Magnús Kári Jónsson
- Kolbrún Helga Hansen.

Enginn hreyfði andmælum eða kom með aðrar tillögur. Töldust þau því réttkjörin.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður HSÍ bar fram tillögu um Gunnar Gunnarsson sem þingforseta og Kristján Gauk Kristjánsson sem varaþingforseta. Var það samþykkt samhljóða með lófataki og gagn tillögulaust. Töldust þeir því réttkjörnir. Tók nýskipaður þingforseti þegar til starfa.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Nýkjörinn þingforseti lagði til Katrínu Mixa sem þingritara og Þorbjörgu Jóhönnu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust né mótmæli og þær því lýstar réttkjörnar. Tóku þær þegar til starfa.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerðin liggur frammi og hefur verið aðgengileg á skrifstofu HSÍ í góðan tíma. Það þurfi ekki að orðlengja frekar.

6. Ávörp gesta

Guðmundur Ágúst Ingvarsson, heiðursformaður HSÍ og stjórnarmaður í ÍSÍ, fékk orðið.

Guðmundur sagði það vera af mikilli ánægju að hann stigi nú í pontu sem stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ og formaður afrekssjóðs sama sambands. Færði hann öllum góða kveðju frá Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ sem og framkvæmdastjórn og starfsfólki þess.

Þá hampaði Guðmundur vandaðri skýrslu stjórnar HSÍ. Innan sambandsins sé auðsjáanlega unnið gott starf, fyrir hreyfingu í toppbaráttu á alþjóðlegum vettvangi. Vitaskuld er ekki hægt að kalla það annað en frábært fyrir svo fámenna þjóð sem Ísland. En ekki er sjálfgefið að Ísland verði á stórmótum á hverju ári, þótt verðugt sé takmarkið.

Sem kunnugt er undrast fólk um víða veröld að fámennri þjóð sem Íslandi skuli takast að berjast í fremstu röð í hópíþróttum eins og í handbolta, körfubolta og fótbolta. Það á eiginlega ekki að vera hægt, segir áhrifafólk á þessum vettvangi um heim allan.

Sjá má á rekstrarreikningum að árið hefur verið erfitt í rekstri, Guðmundur kvaðst skilja það og þekkja. Erfitt geti reynst að láta enda ná saman þegar mikill metnaður er í starfinu og mikið afrekssstarf í gangi, svo ekki sé talað um þegar sambandið missir af tekjum sem reiknað var með. Því sé ljóst að bíði stjórnar og starfsmanna að auka tekjur sambandsins. Sýnist honum rekstraráætlun gera ráð fyrir því og vonar hann heilshuga að það gangi eftir.

Lárus Blöndal forseti Íþrótt- og ólympíusambandsins hefur unnið mikið og lengi að því að styrkja afrekssjóð ÍSí. Gerður var samningur við ríkisstjórn Íslands á síðasta ári og munu framlög til sjóðsins aukast um 100 milljónir króna á hverju ári næstu ár. Verður sjóðurinn þá kominn í 400 milljónir króna á árinu 2019. Þess megi geta að afrekssjóður hækkaði verulega árið 2012, þegar framlagið fór í heilar 50 milljónir. Árin á undan höfðu þau verið í 5, 10, 20 og 30 milljónum. Samkvæmt skýrslu sem unnin var á vegum ÍSí þarf að minnsta kosti 650 milljónir króna til afrekssstarfs á Íslandi. Markmiði til handa afrekssjóði er því hvergi nærri lokið en mikið hefur áunnist.

Á íþróttapingi 5. og 6. maí 2017 verður farið yfir og kynnt ný afrekisstefna ÍSí sem og starfsreglur fyrir hinn nýja sjóð. Þá verður líka tekið fyrir samkomulag um aukið fé til ferðasjóðs íþróttafélaga. Kvaðst Guðmundur vona að íþróttastefna HSÍ verði til umræðu og fái góða gagnrýna umfjöllun hér á þinginu. Nauðsynlegt sé fyrir öll sérsambönd að hafa skýra afrekisstefnu sem unnin sé í samráði við félögin og þau fái þessa umræðu á þingum og með samþykktum. Þar geti þau verið leiðarljós afrekssstarfsins í félögum og sérsamböndum.

Íþróttir og starf kringum íþróttaiðkun á Íslandi er einstök. Má það þakka elju og dugnaði sjálfboðaliða. „*Án þeirra vinnu..., tja, hvar værum við þá*“, sagði Guðmundur. Þá lauk hann máli sínu með því að óska velfarnaðar á þinginu og að handknattleikssambandinu gangi áfram vel í sínum störfum.

Ekki tóku fleiri gestir til máls.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir sté í pontu og las upp mætingu þingfulltrúa.

Í húsi eru núna 35 atkvæði, af þeim alls 88 atkvæðum sem eiga rétt til setu á þingi.

Mætt eru:

Afturelding: Inga Lilja Lárusdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir, Anna Þórunn Reynisdóttir
FH: Ásgeir Jónsson, Sigurður Örn Þorleifsson, Sverrir Reynisson, Jóhannes Runólfsson
Fjölnir: Hjalti Sveinsson, Rúnar Tómasson, Róbert Línberg Runólfsson, Andrés Gunnlaugsson

Fram: Ingunn Gísladóttir, Jónína Kristmannsdóttir, Guðmundur Hermannsson, Bergur Pálsson
Gróttu: Kristín Þórðardóttir, Helga Þórðardóttir, Jóhann G. Jóhannsson
ÍR: Agnar Sveinsson, Kristín Aðalsteinsdóttir, Sturla Ásgeirsson
KR: Ásmundur Einarsson, Valur Páll Eiríksson
Mílan: Bogi Thorarensen
Selfoss: Þorsteinn Ásgeirsson
Stjarnan: Magnús Karl Daníelsson, Hrönn Steinsdóttir, Dóra Viðarsdóttir
Víkingur: Fannar Rúnarsson, Nanna Guðmundsdóttir, Þorbergur Aðalsteinsson
Þróttur: Markús Petersen, Gylfi Gylfason, Þórður Einarsson, Eiríkur Benediktsson

Kjörbrefanefnd kemur til með að starfa meðan á þingi stendur. Þurfi fólk að koma og fara verður það að melda sig, áréttaði Þorbjörg.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Arnar Þorkelsson
- Tómas Björnsson
- Inga Lilja Lárusdóttir

Enginn hreyfði við mótbárum eða bar fram aðrar tillögur.

Þau voru lýst réttkjörin í fjárhagsnefnd.

Lagt var til að allsherjar- og laganefnd yrði steipt saman í eina nefnd, enda eru þær tillögur sem liggja fyrir á þinginu eingöngu lagabreytingar.

Sameining nefndanna var samþykkt samhljóða og athugasemdalaust.

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd

- Davíð B. Gíslason
- Ásgeir Jónsson
- Sturla Ásgeirsson

Það var samþykkt samhljóða og gagentillögulaust.

Þau voru lýst réttkjörin í sameiginlega allsherjar- og laganefnd.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson formaður HSÍ fékk aftur orðið.

Síðasta starfsár var um margt merkilegt og mikið að gerast, sagði hann. Fyrst megi nefna deildarkeppnina. Ljóst er að hún hefur verið mjög spennandi, bæði í karla- og kvennaflokki. Nú í fyrsta skiptið í langan tíma var leikið í tveimur deildum í kvennadeildinni. Gaf það af sér mun meiri spennu í leikjum og stuðlaði að meiri keppni milli liða. Kveðst hann telja þessa skiptingu í tvær deildir hafa verið rétta ákvörðun.

Karlamegin í Olísdeildinni hefur líka verið mikil keppni. Deildin hefur sennilega aldrei verið sterkari en nú og skýrist það sennilega af því að nú séu margir drengir komnir til baka úr atvinnumennsku. Einnig hafa komið fram margir kornungir efnilegir leikmenn sem vakið hafa mikla athygli. Gefur það tilefni til að vænta að handboltinn sé að styrkjast hér á landi. Frábær árangur Vals í Evrópukeppninni ætti líka að vera hvatning fyrir önnur félög að taka þátt í Evrópukeppninni. Allt sýnir þetta að landinn sé aftur að komast í fremstu röð í félagsliðum. Þá stefnir allt í fjölgun í deildinni. Á næsta keppnistímabili ætti að vera spiluð tólf liða deild, sem er draumauppstillingin, tvær umferðir. Það ætti að vera boltanum til styrkingar.

Vék þá tal að sjónvarpsmálum, sem formaðurinn taldi ótækt annað en fjalla um þegar deildarkeppnin er rædd. Þau mál hafa verið til umræðu á formannafundum og fleiri fundum í vetur. Sjónvarpssamningar renna út nú eftir keppnistímabilið. Samningur við RÚV hefur verið í gildi í mörg ár og þar verið sýnt bæði frá deild, landsleikjum og bikar. Vafi hafi leikið á hvort samningsaðilar séu fleiri en einn. Ljóst er að Vodafone hefur tekið við sjónvarpsrekstri 365, eða mun taka við, svo nú er við tvo aðila að semja. Nú þurfi að fara að taka ákvörðun um hvort HSI vilji semja við sjónvarpsstöð sem setur boltann í lokaða dagskrá og verði þá sýnt frá fleiri leikjum og með hugsanlega meiri umfjöllun inn á netið ásamt með þessum nýju miðlum eins og sést hefur verið að gerast í körfunni, þótt áhorfið þar sé sáralítið. Eða hvort sambandið vilji vera áfram í opinni dagskrá á hliðarrás eða á almennri rás.

Samhliða öllu þessu kemur fram ný tækni sem kynnt var á síðasta formannafundi. Snýr hún að því að sýna beint af netinu frá öllum leikjum. Auknar kröfur um þetta þurfi að gera til félaganna. Líkast til eru tvö lið í karlaflokki og fjögur í kvennaflokki sem ekki sýna beint. Hefur þá verið kynnt til sögunnar svokallað OZ app, sem gerir félögum kleift að selja inn á sína leiki. Umræða um þessi mál þarf að fara fram sem fyrst ásamt með ákvörðun um hvaða leið sambandið hyggist fara.

Á árinu voru um þrjátíu sjónvarpsútsendingar og nú er úrslitakeppnin í opinni dagskrá hjá RÚV, sem alltaf vekur gríðarlega athygli. Jafnframt hefur Final 4 úrslitakeppnin einnig vakið mikla athygli. Nú verði að búa til umgjörð um þessi mál, svo þau skili félögunum einhverjum tekjum.

Landsliðunum gekk misvel á árinu. Þjálfaraskipti urðu hjá báðum landsliðum. Á árinu var 61 landsleikur spilaður, 42 karlaleikir og 19 kvennaleikir. Skýringin á þessum mun er sú að karlaliðin tóku meiri þátt í úrslitakeppnum, en A-lið karla spilaði í HM í Frakklandi, lenti í 15. sæti og er núna að taka þátt í undankeppni fyrir Evrópumótið. Vonir standa til að við náum að tryggja okkur sæti þar, en síðustu leikirnir fara fram 14. og 18. júní. Eftir að okkur mistókst að komast á EM kvenna ákváðum við að fara bara í uppbyggingu á kvennalandslíðinu, gefa því ákveðinn tíma til að byggja upp gott lið að nýju með ungum og efnilegum leikmönnum. Ákveðið var að feta í fótspor Norðmanna vegna árangursins sem þeir hafa náð, fara *norsku leiðina*. Einn af þeirra landsliðsmönnum var því ráðinn, Axel Stefánsson. Hefur hann þegar markað sín spor í því hvernig við byggjum upp gott kvennalið. En við verðum að sýna þolinmæði og gefa þessu tíma.

Tuttugu ára landsliðið keppti á EM í Danmörku, endaði í 7. sæti og mun spila á HM í Túnis í sumar. Átján ára landslið kvenna spilaði á European Open, endaði í 13. sæti og náði að vísu ekki að komast í undankeppni EM. Átján ára landslið karla tók þátt í EM í Króatíu síðasta sumar, endaði í 7. sæti og tryggði sér sæti á HM í Georgíu. Sextán ára landslið kvenna fékk engin verkefni á tímabilinu en hefur verið kallað til æfinga. Þá höfum við verið með 14 og 15 ára landslið og handboltaskólann fyrir þau yngstu.

Á árinu höfum við unnið markvisst í fræðslumálum. Gerð var gangskör í þeim málum í fyrra og höfum fylgt því eftir núna. Segja má að nú sé komin föst hefð á fræðslumálin og námskeið, bæði þjálfara- og dómara námskeið. Samhliða því hefur verið unnið í afreksstefnu, sem er hluti af kröfu ÍSÍ um afreksmálin. Sú skýrsla er hér til umfjöllunar, en þar erum við að leggja fram markmið í afreksstarfinu, bæði varðandi fræðslu- og þjálfaramál og er varðar aukningu iðkenda. Stefnt er að því að fjölga iðkendum úr 8.500 yfir í 10.000 fyrir árið 2019. Þessi skýrsla kemur til umræðu á eftir og vonast er til að við getum samþykkt hana.

Fjárhagur sambandsins er erfiður. Undanfarin ár hefur sambandið verið rekið í kringum núllið. Það tókst ekki þetta ár, nú er tap á rekstri upp á rúmar 9 milljónir króna. Reksturinn sjálfur var 3,4 milljónir í mínus og við bætast fjármagsngjöld upp á yfir 2 milljónir, sem skýrist á bágri lausafjárstöðu og við því þurft að fjármagna okkur með lánum. Þessu samhliða höfum við tekið vel til í bókhaldinu og niðurfært kröfur sem við töldum okkur eiga inni. Töluvert hefur verið bankað upp á hjá félögunum undanfarið til að fá uppgerðar skuldir og sumt hefur þurft að niðurfæra. Allt skilar þetta áðurnefndum niðurstöðum upp á samanlagt rúmar níu milljónir í mínus. Ljóst er því að við þurfum að gera betur og auka tekjurnar. Stefnt er á að fara í átak í tilefni afmælisins, reyna að ná inn fjármagninu til að bæta reksturinn í heild sinni sem og allt umhverfið.

Jafnframt þarf að vinna að því með ötulli hætti en fyrr að skapa landsliðinu slíka umgjörð að við getum verið með landsleiki upp á 4-5 þúsund manns svo þau geti verið sjálfbær. Samkeppnisstaðan sem við erum í gagnvart til dæmis fótboltanum talar sínu máli. Fótboltinn er örugglega með um 4000 miða á hvern leik til handa styrktaraðilum, meðan við erum með 2300 manna höll. Augljóst er að hér erum við ekki í neinni samkeppnisstöðu. Krafa okkar um nýjan þjóðarleikvang hlýtur því að verða háværi. Sambandið ætti að geta byggt hann hér í Laugardalnum, helst í samstarfi við KSÍ og tengja þeirri viðbótarbyggingu sem þeir eru að hugsa um. Því markhópurinn sem miðað er að við nýtingu á slíkum mannvirkjum er nákvæmlega sá sami; háskólarnir, Þróttur og fleiri sem koma að íþróttastarfi. Við þurfum því að leggja okkur fram um að gera okkur sjálfbær í rekstri.

Ákveðið hefur verið að gera breytingar á skrifstofunni, í ljósi nýrrar afreksstefnu hjá ÍSÍ. Ríkisvaldið hefur ákveðið að bæta verulega í afrekssjóðinn, um 100 milljónir á ári næstu fjögur árin, sem er gríðarleg breyting. Afrekssjóðurinn var um 100 milljónir í heild sinni. En við þurfum að líta í eigin rann er varðar skipulag afreksstarfsins með það fyrir augum að vera áfram í fremstu röð. Hluti af því er afreksstefnan.

Taka skal fram, bætti Guðmundur B. Ólafsson við, að það að fá svona fjármagn frá ríkisvaldinu er í raun stefnubreyting sem unnið hefur verið að lengi. Forysta ÍSÍ er búin að leggja á sig margra ára vinnu við að ná þessum árangri. Þeim ber að hrósa og þakka sitt ötula starf. En við þurfum sjálf að huga að okkar málum. Við höfum verið að fá einar hæstu styrkveitingar úr þessum sjóði. Því verðum við að passa okkur, halda við markvissa og árangursríka starfinu, svo við náum að halda okkar hlut í sjóðnum.

Næstu verkefni okkar eru að vinna að þessum þjóðarleikvangi. Einnig þarf að auka útbreiðslu handboltans og fjölga iðkendum. Höfum við oft heyrt að handboltinn væri á niðurleið og að aðrar íþróttagreinar væru að taka forystuna, við höfum ekkert gert og annað slíkt. Umræða þessi er sprottin frá okkur sjálfum, kvaðst formaður HSÍ telja. Oft á tíðum erum við ótrúlega dugleg við að tala okkur niður meðan staðreyndirnar bjóði upp á allt aðra sýn. Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2007. Þá voru um 6500 iðkendur og eru núna rúmlega 8500. Frá 2013 varð veruleg aukning, fjölgaði um 800, iðkendum fækkaði árið eftir en hækkaði svo aftur árið 2015. Þannig sjáum við að á hverju ári fjölgar iðkendum um 2-300 að meðaltali. Og allt er það félögunum að þakka, þar verður nýliðunin, þar fáum við iðkendur inn. Því eigum við að bera höfuðið hátt, tala vel um okkar iðkendur og íþróttagrein og vera stolt.

Þó er vát í lofti sem við skulum ekki gleyma. Við finnum að kvennahandboltinn er aðeins að gefa eftir. Teikn eru um fækkun iðkenda í kvennaboltanum. Sennilega verðum við að líta í eigin barm og athuga að samfélagið er að breytast. Hreinlega er spurning hvort félögin þurfi að breyta konseptinu gagnvart yngstu iðkendunum og innleiða fjölbreyttari æfingar. Skoða má að blanda dansi, fimleikum, leikfimi eða slíku saman, sérstaklega hjá stúlkunum, svo foreldrarnir séu ekki bara að senda í beinharðan handbolta heldur í fjölbreytta íþrótt með handbolta sem grunn og undirtón, sem hægt og bítandi getur skapað aukinn áhuga. Svona eigum við að velta fyrir okkur hvað við getum gert betur til að auka útbreiðslu handboltans enn frekar.

Markmiðið er líka að efla afreksstarfið og hlúa betur að afreksmönnum okkar. Afreksþrógrammið hefur verið sett upp í samvinnu við félögin, með hliðsjón af næringarfræði, líkamsstyrkingu og þeim andlega styrk sem þarf til að takast á við að vera afreksmenn. En þar þurfum við og að gera betur. Því hefur verið ákveðið að gera þessar breytingar á skrifstofunni, búa til sérstakt starf afreksstjóra sem á að sinna fræðslumálum og öllum verkefnum landsliða, vera í samskiptum við félögin hvað þetta varðar og fylgja betur eftir. Telja má að stefnubreyting sem þessi eigi eftir að styrkja sambandið til lengri tíma. Einar Þorvarðarson hefur verið fenginn í það starf, hans reynsla og þekking ætti að nýtast gríðarlega vel, enda maður með yfirburðaþekkingu á málum. Róbert mun taka við sem framkvæmdastjóri yfir öðrum þáttum starfseminnar.

Vissulega hljómar svolítið brjálæðislega að tilkynna 9 milljón króna tap og vera síðan að tala um að bæta við skrifstofuna og fjölga stöðugildum. En óhætt er að telja nauðsynlegt að auka við markaðsstarfið, sinna styrktaraðilum og samningum betur sem og reyna að finna leiðir þar sem styrktaraðilar fái meira úr samstarfinu við sambandið. Með öflugum markaðsstarfi ættum við að ná að auka tekjurnar og gera fyrirkomulagið sjálfbært. Fyrst þarf þó að safna fé til að skapa grunninn undir skrifstofuna, áður en markaðsstarfið verður alveg sjálfbært. Starfinu þarf alltaf að halda við og markmiðið er öllum ljóst: Koma öllum okkar landsliðum á stórmót.

Afmælisárið er núna stórt. Sambandið var stofnað 11. júní og þess vegna höfum við hug á að hafa afmælishátíð þann 16. júní. Landsleikur með A-liðinu verður úti 14. júní og heimaleikur 18. júní. Því er stefnan að halda afmælishófið 16. júní, ekkert óskaplega mikið og stórt en þó þannig að eftir verði tekið. Vonir standa til að við fáum nægilegt umtal og athygli til að efla sambandið enn frekar.

Þá þakkaði Guðmundur B. Ólafsson formaður starfsmönnum skrifstofunnar sérstaklega fyrir óeigingjarnt og frábært starf. Eru þau ekki nema fjögur á skrifstofunni sem reka allt þetta apparat, og hafa staðið sig frábærlega nú sem undanfarin ár. Þakkaði hann jafnframt meðstjórnendum gott samstarf á árinu. Þá séu ánægjuleg tíðindi að auk fjögurra í stjórn HSÍ sem sækjast eftir endurkjöri hafi fleiri sýnt áhuga á að starfa fyrir sambandið. Ekki hefur verið kosning hjá HSÍ núna í háa herrans tíð og yfirleitt verið basl að fá menn í stjórn. Nú séu vonandi breyttir tímar.

Því horfir formaður bjartsýnn til þess sem framundan er. Sambandið býr að mörgum tækifærum til að gera betur og styrkja handboltann enn frekar. Þá skuli horfa til þess að alþjóðlegt starf handboltans hefur talsvert snúist um að leggja fé til vanþróaðri ríkja. Það hafi skilað sér í því að nú séu miklu fleiri þjóðir að koma sterkari inn, sem afsprengi fræðslumála hjá alþjóða handboltasambandinu. Ekki þurfum við að leggjast í kör þótt þjóðir sem við erum vön að vinna stórt séu orðnar miklu sterkari. Það sýnir bara að handboltinn sé á uppleið í alþjóðlegum skilningi og við þurfum bara að standa okkar plikt til að vera áfram í fremstu röð.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

59. ársþing HSÍ var haldið í Laugardalshöll, laugardaginn 23. apríl 2016. Þar var Guðmundur B. Ólafsson endurkjörinn formaður HSÍ.

Ragnheiður Traustadóttir, Gunnar Erlingsson og Einar Einarsson hættu í stjórn og var þeim þakkað fyrir góð störf í þágu sambandsins.

Guðjón L. Sigurðsson bauð sig fram til endurkjörs á meðan Arnar Þorkelsson, Guðríður Guðjónsdóttir og Jakob Sigurðsson komu ný inn. Öll fjögur voru þau kosin í stjórn til tveggja ára.

Þeir stjórnarmenn sem áttu eitt ár eftir af kjörtímabili voru Davíð B. Gíslason, Vigfús Þorsteinsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Hjalti Þór Hreinsson.

Fyrir ársþinginu 2016 lágu nokkrar lagabreytingar en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins eins og verið hefur.

Stjórnarfundir voru 10 á starfsárinu. Þá voru haldnir 3 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Þar var m.a. farið yfir sjónvarpsmál, úrslitakeppni, dómaramál, komandi ársþing o.fl.

Keppnistímabilið 2016 – 2017 voru 22 lið skráð til leiks í deildarkeppni mfl. ka. og 16 lið skráð til leiks í mfl. kv. Mjög gleðilegt er hversu jöfn og spennandi keppni hefur verið í öllum deildum, karla og kvenna, og hafa þær breytingar sem gerðar voru á mótamálum á síðasta þingi tekist vel. Líklegt er að breytingar verði á fjölda liða í efstu deild karla ef skráningafjöldi verður svipaður á næsta ári, en þá fjölgar liðum í þar í 12. Þessi fjölgun liða í mfl. er ánægjuefni fyrir hreyfinguna enda er 12 liða efsta deild það mótafyrirkomulag sem flestum hugnast best.

Iðkendafjöldi í handknattleik á Íslandi er alltaf að aukast. Skv. tölum frá ÍSí eru 8537 iðkendur í samburði við 8221 í fyrra. Þetta er jákvæð þróun og sýnir að handknattleikur er áfram ein vinsælasta íþróttagrein landsins. Hins vegar þurfum við að vera meðvituð um aukna samkeppni frá öðrum íþróttagreinum og hlúa vel að yngri kynslóðinni.

Ný afreksstefna HSÍ varð til nú á vormánuðum og var hún kynnt á formannafundi í mars. Þar koma fram markmið og leiðir HSÍ, bæði hjá landsliðunum okkar ásamt fleiri málum sem tengjast rekstri sambandsins. Lögð er áhersla á grunnþjálfun yngri leikmanna, næringarfræði, og andlega þáttinn, ásamt fleiru. Afreksstefnan styrkir stöðu HSÍ gagnvart afrekssjóði ÍSí og er hún til samþykktar á ársþinginu.

Fjárhagur sambandsins á árinu var þungur og er verulegt tap á rekstri sambandsins. Helsta skýringin er að rekstrarkostnaður hefur aukist nokkuð á árinu m.a. vegna þjálfaraskipta, aukinnar þátttöku landsliða og launakostnaðar skrifstofu. Einnig er lausafjárstaða sambandsins erfið sem veldur háum fjármagnskostnaði.

Tekjur jukust ekki að sama skapi sem skýra má með því Mundi63Mundi89frostiað ekki náðist að auka tekjur í styrktarsamningum og vonlítið er að auka tekjur af landsleikjum á meðan spilað er í Laugardalshöll sem er einfaldlega ekki nógu og stór.

Á árinu 2016 var tap á rekstri sambandsins 9.412.283 krónur. Undanfarin ár hefur sambandið verið rekið í kringum núllið, en aukinn kostnaður, fjármagnsgjöld auk tiltektar í bókhaldi þar sem bókfærðar tekjur voru niðurfærðar, leiða til þessarar niðurstöðu.

Ljóst er að auka þarf tekur með samstilltu átaki til að tryggja framgang þeirra metnaðarfullu verkefnum sem unnið er að í fræðslu- og afreksmálum. Koma þarf til móts við okkar yngri afreksmenn og styðja þá í að geta tekið að fullu þátt í þeim verkefnum sem við eigum kost á.. Það er lykilinn að því að öll landslið okkar geti haldið áfram að keppa í fremstu röð.

Í lok mars voru kynntar breytingar á skrifstofu sambandsins, bæði til að auka hagræði í rekstri sem og til að leggja aukið vægi afreksstarfsins. Nauðsynlegt er að fjölga samstarfsaðilum og breikka þann hóp sem stendur á bak við allt starf sambandsins. Nú þegar koma um 75% af tekjum sambandsins frá samstarfsaðilum. Ríkisvaldið hefur nú lagt til aukið framlag til afreksstarfs í afrekssjóð ÍSÍ sem ber að þakka. HSI bindur miklar vonir við nýja reglugerð Afrekssjóð ISI sem mun efla afreksstarf í íþróttum almennt og vonumst við til að vera áfram leiðandi í afreksstarfi og fá áfram eðlilegt og sanngjarnt hlutfall úr sjóðnum.

ÍSLANDSMÓT / OLÍS DEILDIRNAR

Eins og undangengin ár var Olís samstarfsaðili úrvalsdeildar karla og kvenna. Sá samningur nýtist til kynningar á Olísdeildunum í samstarfi við Pipar TBWA auglýsingastofu.

Á yfirstandandi keppnistíma voru 10 lið í Olísdeild karla og er leikin þreföld umferð. Átta efstu liðin komast í úrslitakeppni á meðan tvö neðstu falla í 1. deild. FH varð deildarmeistari í Olísdeild karla 2017.

Í Olísdeild kvenna leika 8 lið og komast 4 efstu liðin í úrslitakeppni. Neðsta liðið fellur í 1. deild en liðið í 7. sæti spilar í umspili ásamt liðum í 2. - 4. sæti í 1.deild um eitt laust sæti í Olísdeildinni. Stjarnan varð deildarmeistari í Olísdeild kvenna 2017.

Í 1. deild karla léku 12 lið, þar af 4 ungmennalið. Efsta liðið fer upp um deild en lið í sætum 2. - 5. leika í umspili um laust sæti í Olísdeildinni. Fjölnir tryggði sér sigur í deildinni þegar 5 umferðir voru eftir og spila því í úrvalsdeild á næsta ári.

Í 1. deild kvenna léku 8 lið, þar af 1 ungmennalið. Efsta liðið fer upp um deild en lið í sætum 2. – 4. leika í umspili ásamt liðinu í 7. sæti Olísdeildarinnar. Fjölnir tryggði sér einnig sigur í 1. deild kvenna og því spila bæði karla- og kvennalið félagsins í úrvalsdeild á næsta ári.

Morgunblaðið og Vísir hafa fjallað um Olísdeildirnar í vetur, bæði á vef sínum og í blöðum. Þá hefur fimmeinn.is fjallað eingöngu um handbolta á vef sínum, auk þess að vera með stutta sjónvarpsþætti og útvarpsþáttinn „Fríkastið“ vikulega.

Bylting hefur orðið í vefstreymi félaga frá leikjum, í Olísdeild karla sýndu 7 af 10 liðum frá heimaleikjum sýnum og í Olísdeild kvenna sýndu 6 af 8 liðum heimaleiki sýna. Auk þess sýndi SportTV reglulega frá leikjum.

Beinar útsendingar á RÚV hafa verið 30, bæði frá Olísdeildunum og Coca Cola bikarnum. Í vetur hafa flestar beinar útsendingar verið á laugardögum en seinnipart tímabilsins færðust þær líka yfir á fimmtudaga og voru þá á RÚV2. RÚV sýnir fjölmarga leiki frá úrslitakeppninni og mun fjöldi leikja geta orðið allt að 28 ef allar viðureignir fara í oddaleiki. Auk þess verður samantektarþáttur að lokinni hverri umferð.

RÚV var með mikla umfjöllun um karla og kvennalandsliðin og hafa þeir sýnt 17 landsleiki á liðnu keppnistímabili. Frá HM í Frakklandi, voru sýndir 35 leikir frá mótinu, auk upphitunar- og samantektarþátta.

Sjónvarpsmál hafa verið mikið í umræðunni og þar er að mörgu að hyggja. Við endurnýjun samninga verðum við að horfa til útbreiðslu fjölda leikja sem sýnt er frá og hvert áhorfið er. Þá kemur til skoðunar ný tækni með að geta sýnt fleiri leiki beint á netinu og aukið þannig áhorf. Við verðum að vera samstíga hvernig það er gert þannig að félögin geti samhliða aukið tekjur sínar.

Sjónvarpssamningur HSÍ og RÚV rennur út eftir yfirstandandi keppnistímabil.

COCA COLA BIKARINN

Fjögurra liða úrslitakeppni Coca Cola bikarsins (final four) hefur heppnast vel undanfarin ár og á því varð engin breyting í þetta skiptið. Spilað er í mfl. frá fimmtudegi til laugardags og á sunnudegi eru spilaðir úrslitaleikir yngri flokka.

Í karlaflokki komust Afturelding, FH, Haukar og Valur í úrslitakeppnina og að lokum voru það Valsmenn sem urðu bikarmeistarar. Fram, Haukar, Selfoss og Stjarnan komust í úrslitin kvennamegin og voru það Stjörnustúlkur sem fögnuðu bikarmeistaratitli. Góð mæting var á leikina og voru allir leikirnir sýndir, á RÚV eða RÚV 2.

Í bikarúrslitum yngri flokka voru sex leikir spilaðir í Laugardalshöll, þrátt fyrir erfiða færð í Reykjavík var ágæt mæting á leikina. RÚV sýndi leiki 2.fl.ka. og 3.fl. karla í beinni útsendingu en hinir fjórir leikirnir voru sýndir á SportTV.

Einn bikarúrslitaleikur yngri flokka fór fram á Akureyri, þar mættust í 4.fl.ka. yngri KA og Þór í Íþróttahöllinni á Akureyri. Um 1000 áhorfendur mættu á leikinn sem endaði í vítakeppni. Leikurinn var sýndur í beinni útsendingu á Akureyri TV á YouTube.

YNGRI FLOKKAR.

Íslandsmót yngri flokka hefur gengið vel í vetur, tíðin var einstaklega góð og því lítið um frestanir vegna veðurs eða ófærðar. Í 5. – 8. flokki sjá félögin um mótahald og hefur það einnig gengið vel.

Í vetur var einnig í fyrsta sinn haldið 7. og 8. flokks mót á Akureyri fyrir liðin á Norðurlandi. Skemmst er frá því að segja að mótið gekk mjög vel, yfir 150 þátttakendur mættu og fóru glaðir heim eftir sitt fyrsta handboltamót. Stefnt er að því að halda fleiri „landshlutamót“ í 7. og 8. fl. á næstu árum.

LANDSLIÐIN.

Samtals léku landsliðin 61 leik á árinu 2016. Karlaliðin léku 42 leiki á meðan kvennaliðin léku 19 leiki. Þar af voru A landsleikir 22 (13 karla og 9 kvenna). Þennan mun á leikjafjölda karla- og kvennaliðanna má rekja til þess karlaliðin eru nánast alltaf á lokamótum á meðan kvennaliðin komast þangað sjaldnar.

A landslið karla komst á HM í Frakklandi eftir umspilsleiki gegn Portúgal í júní. Íslenska liðið endaði þar í 15. sæti á HM. Þetta var fyrsta stórmót Geirs Sveinssonar með liðið og hafa töluverðar breytingar orðið á hópnum undanfarin misseri þar sem reynslumiklir leikmenn gefa ekki lengur kost á sér.

Auk þess lék liðið tvo leiki í undankeppni EM síðastliðið haust, sigur vannst á Tékkum í Laugardalshöll en liðið tapaði svo á móti Úkraínu ytra. Undankeppnin heldur áfram nú í maí og lýkur svo í júní.

Í starfsliði A landsliðs karla eru: Geir Sveinsson (þjálfari), Óskar Bjarni Óskarsson (aðstoðarþjálfari), Ragnar Óskarsson (aðstoðarþjálfari), Guðni Jónsson (liðsstjóri), Elís Þór Rafnsson (sjúkrarþjálfari), Pétur Örn Gunnarsson (sjúkrarþjálfari), Brynjólfur Jónsson (læknir), Örnólfur Valdimarsson (læknir) og Björn Pétur Sigurðsson (læknir).

A landslið kvenna tapaði fyrir Frökkum og Þjóðverðum í lokaleikjum sínum í undankeppni EM. Eftir þá keppni lét Ágúst Jóhannsson af störfum og hefur honum verið þakkað fyrir vel unnin störf. Við starfinu tók Axel Stefánsson, en hann hefur aflað sér mikillar reynslu úr norska kvennahlutbolthanum undanfarin ár.

Axel hefur lagt áherslu á styrkþjálfun og hefur fjölgað æfingum hjá liðinu.

Liðið fór til Póllands í október og var í 3. sæti á 4 landa móti þar. Næsta verkefni liðsins var forkeppni HM sem fór fram í Færeyjum í desember. Þar vann íslenska liðið fyrstu tvo leikina en tapaði þeim seinasta og sat eftir á grátlegan hátt þar sem innbyrðismarkatala þriggja efstu liðanna skildi Ísland eftir í 3. sæti.

Í starfsliði A landslið kvenna eru: Axel Stefánsson (þjálfari), Jónatan Þór Magnússon (aðstoðarþjálfari), Katarina Baumruk (sjúkraþjálfari), Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir (liðsstjóri) og Jóhann Róbertsson (læknir).

20 ára landslið karla keppti á EM í Danmörku og endaði þar í 7. sæti. Liðið spilar á HM í Túnis næsta sumar. Þjálfarar liðsins eru Sigursteinn Arndal og Ólafur Stefánsson. Liðsstjórar eru Jóhannes Runólfsson og Sverrir Reynisson. Sjúkraþjálfari er Jón Birgir Guðmundsson.

18 ára landslið kvenna lék á European Open síðast liðið sumar og endaði þar í 13. sæti. Liðið fór svo í undankeppni EM í mars á Spáni. Þar féll liðið út á markatölu eftir jafntefli gegn Rúmenum í seinasta leik. Þjálfarar liðsins á European open voru Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson. Kári Garðarsson tók við þjálfun liðsins á haustmánuðum. Liðsstjóri er Guðríður Guðjónsdóttir.

18 ára landslið karla tók þátt í EM í Króatíu seinasta sumar. Þar endaði liðið í 7. sæti og tryggði sér þar með sæti á HM í Georgíu næsta sumar. Þjálfarar liðsins á EM voru þeir Kristján Arason og Einar Guðmundsson, en í haust tók Bjarni Fritzon við af þeim. Honum til aðstoðar er Jóhann Ingi Guðmundsson. Liðsstjóri er Haukur Loftsson.

16 ára landslið kvenna fékk engin verkefni erlendis á tímabilinu en var kallað saman til æfinga í landsliðsvikum. Þjálfarar liðsins voru Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarson en þau létu af störfum um áramót. Þá tóku við Haraldur Þorvarðarson og Sigurgeir Jónsson. Liðsstjóri er Brynja Ingimarsdóttir.

Í vetur hafa einnig verið starfandi 14/15 ára landslið karla og kvenna og hafa þau lið verið kölluð til æfinga í landsliðsvikum. Þjálfari u15 karla er Maksim Akbashev og þjálfarar u15 kvenna eru Rakel Dögg Bragadóttir, Ólafur Víðir Ólafsson og Sigurjón Friðbjörn Björnsson

Handboltaskóli HSÍ var starfræktur í byrjun júní eins og undanfarin ár. Þar mæta 13 ára strákar og stelpur, 4 frá hverju félagi og æfa eina helgi. Allir þátttakendur fengu gefins bol og var boðið á leik Íslands og Portúgal í Laugardalshöll.

FRÆDSLUMÁL

Þjálfaranámskeið hafa verið haldin reglulega og nú er búið að koma því þannig fyrir að námskeiðin fara fram þrisvar á ári. Námskeiðin eru í samræmi við stefnu ÍSÍ og EHF .

Námskeiðin hafa gengið vel og eru næstu námskeið fyrirhuguð helgina 9. – 11. júní.

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna Olís, Valitor, Icelandair, Arionbanka, RÚV, Kempa, Actavis, Samskip, Höldur, TM, Stoð, Sæmark, Flugfélag Íslands, Vífilfell, Laugar, Fönn, Íslenska Getspá, Rolf Johansen og Ormsson. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Skrifstofu HSÍ hefur verið stýrt af Einar Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra. Þar starfa einnig Róbert Geir Gíslason, Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir og Magnús Kári Jónsson.

Breytingar á skrifstofunni voru kynntar á formannafundi í loks mars, Róbert Geir Gíslason tekur þá við stöðu framkvæmdastjóra en Einar Þorvarðarson færir sig til í starfi og verður afreksstjóri með yfirumsjón yfir landsliðum og verkefnum þeim tengdum.

NÆSTU VERKEFNI.

Megin verkefni okkar á næstu árum eru þrípætt. Fyrst þarf að skapa umhverfi í kringum landsleiki sem gerir verkefni landsliða sjálfbær með nýjum þjóðarleikvangi. Þá þarf sambandið að vera leiðandi í afreksstefnu með góðri samvinnu við félögin í fræðslu og afreksmálum og að lokum að auka útbreiðslu og áhorf á handboltann.

Stundum er talað um að handknattleiksíþróttin sé að dragast aftur úr öðrum greinum. Það athyglisverða við þá umræðu er að við sjálf erum duglegust að tala okkar íþrótt niður. Staðreyndin er hins vegar sú að gott starf á sér stað í félögunum, flest leggja þau mikinn metnað í þjálfun enda bera iðkendatölur þess vitni þar sem aukning hefur verið undanfarin ár. Áhugi á handbolta í sjónvarpi er meiri en í öðrum íþróttagreinum þannig að þessi umræða sem oft kemur upp er ekki rétt.

Auðvitað eigum við að geta gert betur við að skapa betri umgjörð og meira umtal, en það gerum við saman með jákvæðari umræðu ekki öfugt.

Þá hefur handbolti verið í sókn á alþjóðavettvangi og fé verið lagt í útbreiðslustarf, þetta skilar sér í því að fleiri þjóðir eiga sterk landslið þó þau hafi hingað til ekki verið talin sérlega hátt skrifuð. Að handboltinn sé á uppleið og fleiri sterk landslið verði í vegi okkar á þó bara að efla okkur og sýnir að við þurfum að leggja meira á okkur til að vera áfram á toppnum.

Við þurfum að horfa til allra átta með það í huga hvað við getum gert til að fjölga iðkendum og skapa sterkari grunn undir betri landslið. Við þurfum að setja okkur markmið til lengri tíma við uppbyggingu landsliða og er afreksstarfið liður í því. Við þurfum að átta okkur á því að við megum hvergi slaka á til að dragast ekki aftur úr og halda okkar metnaðarfullu íþróttalegu stöðu. Markmið HSÍ er að öll landslið sambandsins nái inn á lokakeppnir EM og HM.

Guðmundur B. Ólafsson, formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA

Nefndarskipan var sem hér segir:

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður

Lárus B. Lárusson, ritari

Ásta Björk Sveinsdóttir, nefndarmaður

Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður

Margrét Berg Theodórsdóttir, nefndarmaður

Ragnheiður Traustadóttir, nefndarmaður

Þorbjörg Gunnarsdóttir, tengsl við skrifstofu HSÍ

Landsliðsþjálfarar

A landslið: Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson til aðstoðar til 1.júní 2016. Þá tók Axel Stefánsson við og Jónatan Magnússon honum til aðstoðar.

U20 ára : Einar Jónsson, Ágúst Þór Jóhannsson og Hilmar Guðlaugsson til aðstoðar. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir. Þetta landslið kláraði sín verkefni í Íþróttahúsinu í Strandgötu í mars 2016.

U19 ára: Halldór Stefán Haraldsson og Jón Gunnlaugur Viggósson til 1. júní 2016.

Núverandi þjálfari er Kári Garðarsson og Magnús Kári Jónsson til aðstoðar. Liðstjóri er Guðríður Guðjónsdóttir.

U17 ára: Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarson létu af störfum um áramót. Þá tóku við liðinu Haraldur Þorvarðarson og Sigurgeir Jónsson. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

U15 ára: Rakel Dögg Bragadóttir og Ólafur Víðir Ólafsson.

Læknir og sjúkraþjálfarar

Jóhann Róbertsson, læknir.

Elín Björg Harðardóttir, A landslið til 1. júní 2016 en þá tók Katerina Baumruk við.

Sædís Magnúsdóttir U20 og U19.

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvenna landsliða
- Þjálfari A-landsliðs leggur línurnar fyrir yngri liðin og er í góðri samvinnu við þjálfara.
- Auka umfjöllun og markaðssetja kvennahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Handbók fyrir yngri landslið HSÍ

A landslið kvenna

Liðið lauk riðlakeppni fyrir Evrópumótið í Svíþjóð 2016. 1. júní í Valshöllinni gegn Frökkum. Leikurinn tapaðist 16 - 30. Síðan var haldið til Stuttgart og spilað við Þjóðverja og tapaðist sá leikur 21 – 28. Þar með var keppni lokið í riðlinum og Ísland náði ekki að komast á EM í Svíþjóð. Eftir þessa leiki var samningi Ágústs og Einars lokið og voru þeim þökkud góð störf í þágu kvennahandboltans á Íslandi.

Ráðinn var nýr þjálfari, Axel Stefánsson og með honum Jónatan Magnússon sem aðstoðarþjálfari. Boðað var til hádegisverðarfundar 10. júní í fundarsal ÍSí. Þar fór Axel yfir sínar hugmyndir um uppbyggingu kvennahandboltans á Íslandi, þá sérstaklega hvað varðar landsliðin okkar. Í framhaldinu var gerður samningur milli Háskólans í Reykjavík og HSÍ um samstarf í líkamleg prófum fyrir leikmenn. Stór hópur var valinn og kom hann saman í byrjun ágúst. Leikmenn fóru í líkamleg próf og niðurstöður skráðar af starfsmönnum HR. Prófin eru svo tekin aftur með ákveðnu millibili, til að fylgjast með árangri leikmanna. Á þann hátt verða leikmenn vel upplýstir um hvað þeir þurfa að gera þjálfunarlega séð, til að verða betri leikmenn.

Liðið tók þátt í móti í Póllandi í október. Fyrst var spilað á móti Svíþjóð og tapaðist sá leikur 23 – 33, síðari leikurinn var gegn Slóveníu og vannst hann 26 – 25. Eftir miðjan nóvember hófust æfingar fyrir forkeppni HM sem haldin var í Færeyjum í byrjun desember. Í riðli með íslenska liðinu var Austurríki, Makedónía og Færeyjar. Ísland vann Austurríki í fyrsta leik 28 – 24. Annar leikurinn var gegn Færeyjum og vannst hann líka, 24 – 16. Lokaleikur íslenska liðsins var gegn Makedóníu og tapaðist hann 20 – 27. Þau úrslit gerðu það að verkum að íslenska liðið sat eftir eftir á innbyrðismarkahlutfalli og komst liðið því ekki í umspil um sæti á HM 2017.

Áfram verður stefnt að því að efla landsliðið okkar og reyna að ná inn á lokamót. En það verður ekki gert nema með öflugum og samhæfðum átaki innan hreyfingarinnar. Með tilkomu Axels og hans stefnu og áframhaldi samvinnu landsliðanna er það von landsliðsnefndar að íslenska liðið komist aftur á lokamót.

Yngri landsliðin

Á keppnistímabilinu er fimm skipulögð æfingatímabil landsliða, þá æfa öll yngri landsliðin. Axel Stefánsson leggur línurnar fyrir æfingarnar í samvinnu við þjálfarana.

Fyrstu helgina í janúar æfðu öll kvennalandslíðin og leikmenn voru teknir í sömu próf og A-liðið tók í byrjun ágúst. Einnig fóru liðin á sameiginlega æfingu og gekk þessi helgi mjög vel.

Tom Morten Svendsen hefur verið ráðinn sem styrktarþjálfari kvennalandslíðanna. Tom Morten starfaði með norska kvennalandslíðinu í mörg ár og hvalreki fyrir okkur í starfinu næstu ár.

U18

Liðið fór á opna Evrópumótið í Gautaborg í júlí. Lenti liðið í 13. sæti eftir sigur á Færeyjum 17 – 15. Liðið spilaði 7 leiki. 3 sigrar, 3 töp og 1 jafntefli. Halldór Stefán Haraldsson og Jón Gunnlaugur Viggóson létu af stöfum eftir mótið og Kári Garðarsson og Magnús Kári Jónsson tóku við.

Liðið sem er núna U19, hefur æft vel í vetur og tók þátt í undankeppni fyrir EM á Spáni 17. – 19. mars. Þar vann liðið Litháen í fyrsta leik, tapaði fyrir Spáni í öðrum leik og gerði svo jafntefli við Rúmeníu í síðasta leiknum. Góður árangur og stelpurnar búnar að bæta sig mikið í vetur, enda margar komnar með stór hlutverk í meistaraflokki í sínum liðum. Liðið féll úr keppni á lakari markatölu en Rúmenía. Spánn og Rúmenía fóru því áfram upp úr riðlinum. Liðið á eftir að fara í forkeppni fyrir HM á næsta ári, og er stefnt að því að finna einhver verkefni fyrir liðið svo það geti verið vel undirbúið fyrir þá keppni. Þessu liði vantar fleiri verkefni til að halda í við jafnaldra sína erlendis.

U16

Liðið skipti um þjálfara um áramót. Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarson létu af störfum og við tóku Haraldur Þorvarðarson og Sigurgeir Jónsson. Liðið sem er núna U17, tekur þátt í Evrópukeppni í lok júlí í Makedóníu. Keppt er í fyrsta skipti með nýju fyrirkomulagi, engin forkeppni er haldin og spila öll liðin í lokakeppni. Ísland er í B-deild og keppir við Kosóvu, Búlgaríu, Ísrael og Slóveníu í sínum riðli. Að loknum riðlunum, sem eru tveir, er svo spilað um sæti. Skrifstofa HSÍ vinnur að því að finna fleiri verkefni fyrir liðið til undirbúnings fyrir mótið.

U15

Rakel Dögg Bragadóttir og Ólafur Víðir Ólafsson eru þjálfarar og hefur liðið æft mjög vel í landsliðsvikunum. Valdir hafa verið stórir hópar af leikmönnum og hafa æfingar gengið mjög vel. Þar sem Rakel Dögg er leikmaður í A-landsliðinu, þá rekast stundum æfingar hjá U15, á verkefni þess liðs. Landsliðsnefnd og HSÍ, vilja gera allt til að halda Rakel inni í þjálfarateyminu, þar sem Rakel er gríðarleg fyrirmynd fyrir okkar ungu handboltakonur. Var því ákveðið að bæta öðrum þjálfara við þjálfarateymið og var Sigurjón Friðbjörn Björnsson ráðinn inn í teymið. Liðið hefur ákveðið að fara í æfingaferð til Akureyrar í byrjun júní og er ætlunin að fara með 18-20 manna hóp norður.

Afreksæfingar

Því miður hefur ekki verið haldið áfram með sumaræfingar fyrir afrekshópana, 16-18 ára vegna fjárskorts. En eins og allir vita þá er ekki mikið fjármagn aflögu hjá sambandinu og erfitt að finna þjálfara sem eru tilbúnir að vinna þessa vinnu, nánast í sjálfböðavinnu.

Stefnan er að stækka afrekshópin þegar yngri landsliðum lýkur og koma á B-landsliði. Þá hafa leikmenn meiri tíma til undirbúnings fyrir A landslið.

Handbók yngri landsliða

Áfram hefur verið unnið í handbókinni og hafa þau Brynja Ingimarsdóttir og Lárus B. Lárusson algerlega séð um það verk fyrir hönd landsliðsnefndar. Þau eru í góðri samvinnu við Magnús Kára Jónsson, starfsmann HSÍ og er von okkar að bókin klárast inna tíðar.

Æfingatímar landsliða

Sama vandamálið er alltaf þegar kemur að því að fá æfingatíma fyrir landsliðin. Félögin eru ekki dugleg að gefa HSÍ tíma og skrifstofan á í miklum vandræðum með að útvega æfingatíma fyrir landsliðin. En við erum heppin með það að þeir þjálfarar sem eru að þjálfra hjá okkur hafa getað fengið mikið af tímum fyrir okkur hjá sínum félögum. Þeir hafa unnið vel í samráði við skrifstofu HSÍ.

En þetta þarf samt að vera í betri farvegi. Oft koma tímarnir fyrir æfingahelgarnar ekki fyrr en rétt fyrir helgarnar og það er ekki gott. Þetta er hlutur sem við verðum að reyna að koma í betra horf. Þurfum einhvern veginn að ná meiri samvinnu við félögin og þjálfarana þar.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hefur haldið 9 bókaða fundi, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA

Nefndarskipan var sem hér segir.

Jakob Sigurðsson, formaður
Ingibjörg Ragnarsdóttir
Einar Einarsson
Páll Ólafsson
Páll Þórólfsson

Áherslur:

- Að skapa landsliðum sem best umhverfi
- Samhæfð þjálfun allra karlalandslíða
- Stofna afrekshóp sem æfir oftari en landsliðin
- Samræmd leikkerfi hjá öllum landsliðum
- Bæta líkamlega þjálfun hjá yngri leikmönnum
- Bæta markmannsþjálfun
- Allir landsliðsþjálfarar vinna í Sideline um hverfinu
- Auka meðvitund leikmanna fyrir góðu líkamlegu ástandi
- Efla næringarráðgjöf
- Bæta hugarfarsþjálfun

Landsliðsþjálfarar:

- A landslið: Geir Sveinsson, Óskar Bjarni Óskarsson og Ragnar Óskarsson
- U-21 árs: Sigursteinn Arndal og Ólafur Stefánsson
- U-19 ára: Bjarni Fritzson og Jóhann Ingi Guðmundsson (tóku við af Einar Guðmundssyni og Kristjáni Arasyni haustið 2016)
- U-17 ára: Heimir Ríkarðsson og Magnús Kári Jónsson
- U-15 ára: Maksim Akbashev og Örn Þrastarson

A landslið karla

Eftir sigur á Portúgal í umspilsleikjum í júní tryggði liðið sig inná HM í Frakklandi í janúar. Íslenska liðið hafnaði í 15. sæti á HM eftir tap gegn Frökkum í 16-liða úrslitum þar sem sett var heimsmet í áhorfendafjölda á landsleik í handbolta.

Landsliðið lék einnig tvo leiki í undankeppni EM 2018, annar leikurinn vannst á meðan hinn tapaðist og er ljóst að það verður hörð barátta um sæti á EM í leikjunum núna í maí og júní.

Þá lék liðið líka í BygmaCup í Danmörku, móti sem haldið var í byrjun janúar, rétt fyrir HM. Þar vannst einn leikur en tveir töpuðust.

Það er ljóst að A landslið karla hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin misseri og ný kynslóð er að taka við lykilhlutverkum í liðinu. Margir ungir leikmenn léku á sínu fyrsta stórmóti í Frakklandi og aðrir voru í fyrsta skipti í lykilhlutverki í liðinu. Þessar breytingar eiga eftir að taka lengri tíma en nú hefur fyrsta skrefið verið stigið og það verður spennandi að fylgjast með liðinu í næstu keppnisleikjum þar sem leikmenn sem hafa blómstrað í yngri landsliðunum fá að reyna sig á stóra sviðinu.

Leikir A landsliðs karla:

2017

21.jan.	Ísland - Frakkland	25-31
19.jan.	Ísland - Makedónía	27-27
17.jan.	Ísland - Angóla	33-19
15.jan.	Ísland - Túnis	22-22
14.jan.	Ísland - Slóvakía	25-26
12.jan.	Ísland - Spánn	21-27
8.jan.	Ísland - Danmörk	26-34
6.jan.	Ísland - Ungverjaland	27-30
5.jan.	Ísland - Egyptaland	30-27

2016

5.nóv.	Ísland - Úkraína	25-27
2.nóv.	Ísland - Tékkland	25-24
16.jún.	Ísland - Portúgal	20-21
12.jún.	Ísland - Portúgal	26-23

Afrekshópur (B-landslið)

Afrekshópurinn æfði vel í maí og júní undir stjórn Ólafs Stefánssonar. Eftir sem áður var það helsta markmið með rekstri þessa hóps að undirbúa leikmenn fyrir A landslið og nú þegar hafa nokkrir þeirra sem æfðu þar seinasta sumar nú spilað sinn fyrsta A landsleik.

Einar Guðmundsson tók við hópnum í janúar og voru þá spilaðir tveir vináttulandsleikir við Grænland í TM-Höllinni í Garðabæ. Þeir unnust báðir.

Leikir afrekshópsins:

2017

14.jan Ísland – Grænland 33 – 25

Skipulag yngri landsliða

Yngri landsliðin koma saman 5-6 sinnum á ári til að æfa og taka þátt í leikjum og mótum. Tíminn er vel nýttur til að æfa þau atriði sem þarf að laga og stilla saman hópinn. Samvinna er á milli landsliða um æfingar og æfingaleiki. Rauður þráður er í vinnu yngri landsliðanna þannig að leikkerfi, varnaráherslur og fleira eru samrýmd þannig að leikmenn eiga auðveldar með að færast milli landsliða.

Líkamleg próf eru tekin reglulega í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Þjálfarar liðanna fá svo niðurstöðurnar og geta þannig borið saman leikmenn og séð hvað þarf að bæta.

Eins og áður vinna allir þjálfarar landsliðanna mikið með Sideline (XPS), hvort sem unnið er með skipulag á æfingum eða myndbandsvinnu fyrir leiki.

U-21 árs landslið karla

Sumarið 2016

Æfingar hófust í maí, þarna var 22 manna hópur í gangi en það vantaði töluvert í hópinn þar sem margir voru enn að spila í úrslitakeppninni og atvinnumennirnir okkar voru úti.

Í júní æfði liðið að hluta til með B landsliðshóp og seinni partinn af períóðunni vorum við einir. Við fórum á mót í Sviss. Nokkuð mikið var um meiðsli í hópnum á þessum tíma og nýjir menn fengu tækifæri á mótinu í Sviss.

11. júlí hófst lokaundirbúningur fyrir EM. Þarna vorum við búnir að skera hópinn niður í 18 manns auk nokkura varamanna þar sem ennþá var töluvert um meiðsli og nokkrir leikmenn voru spurningarmerki. Undirbúningur gekk nokkuð vel en meiðsli settu töluvert strik í reikninginn. Við þurftum að minnka álagið og breyta æfingunum frá því sem fyrirfram var ákveðið. Við gátum t.d ekki æft jafn hart og við gerðum fyrir HM 2015 þar sem við urðum að draga út álaginu þar sem heildarástandið á hópnum var ekki jafn gott og árið á undan.

Strákarnir æfðu við frábærar aðstæður í Kaplakrika þar sem allt var til alls og umgjörðin í kringum liðið var til fyrirmyndar.

Eftir EM hefur liðið komið tvisvar saman,

2.-6. nóv Æfingar og líkamleg próf á vegum HR.
2.-9. jan Æfingar og undankeppni HM

Leikir

Núverandi U21 árs landslið karla sem lék sem U20 ára landslið árið 2016 hefur á tímabilinu 1. maí 2016-1. maí 2017 leikið 13 mótssleiki. Sterkt æfingamót í Sviss, EM U-20 í Danmörku og svo forkeppni fyrir HM 2017 í Serbíu.

9 sigrar 1 jafntefli 3 töp

2017

Undankeppni HM

8.jan	Ísland - Serbía	34-32
7.jan.	Ísland – Grikkland	31-24
6.jan.	Ísland - Litháen	32-25

2016

EM í Danmörku

7.ágú.	Ísland – Pólland	38-33
5.ágú.	Ísland – Danmörk	28-34
3.ágú.	Ísland – Frakkland	31-38
2.ágú.	Ísland – Pólland	36-24
31.júl.	Ísland – Spánn	28-28
29.júl.	Ísland – Slóvenía	23-19
28.júl.	Ísland – Rússland	32-31

Æfingamóti í Sviss

26.jún.	Ísland – Spánn	30-23
25.jún.	Ísland – Þýskaland	28-30
24.jún.	Ísland – Sviss	23-21

Sumarið 2017 verður síðasta sumar þessara drengja sem unglingalandsliðsmenn. Þeir hafa tryggt sér þátttökurétt á HM í Alsír dagana 16.-30. júlí og ætla sér stóra hluti. Æfingar hefjast 29. maí með c.a 22 manna æfingahóp þar sem það má búast við að einhverjir verði í A landsliðinu á sama tíma. Æft verður til 12. júní.

Lokaundirbúningur hefst svo 26. júní en þá verður 16-18 manna hópur valinn. Vonandi verður æfingaaðstaðan og umgjörðin jafn öflug og síðasta sumar, þannig að strákunum verði veittar aðstæður sem þarf til að ná því besta út úr hópnum. Eins og þeir sem hafa fylgst með handboltanum á Íslandi þá er hér á ferðinni afar efnilegur hópur sem nauðsynlegt er að halda vel utan um. Nú þegar hafa 3 leikmenn í hópnum spilað A landsliðsleik og er von á fleirum ef vel verður haldið utan um þessa stráka og þeir halda sinni þróun áfram.

Þjálfarar: *Sigursteinn Arndal og Ólafur Stefánsson*

U-19 ára landslið karla

U-19 ára landsliðið fór á EM í Serbíu í ágúst 2016 og endaði í 7. sæti sem er góður árangur hjá strákunum og með smá heppni hefðu þeir getað komist aðeins lengra. Í aðdraganda keppninnar tók liðið þátt í æfingamóti í Þýskalandi.

2016

Æfingamót í Þýskalandi

2.júl.	Ísland - Þýskaland	30-34
1.júl.	Ísland - Ísrael	42-39
30.jún.	Ísland - Danmörk	28-34

EM í Króatíu

21.ágú.	Ísland - Serbía	32-30
19.ágú.	Ísland - Danmörk	28-33
17.ágú.	Ísland - Þýskaland	20-35
16.ágú.	Ísland – Serbía	31-36
14.ágú.	Ísland – Tékkland	32-25
12.ágú.	Ísland – Svíþjóð	32-29
11.ágú.	Ísland – Króatía	29-34

Eftir EM í Króatíu létu þeir Einar Guðmundsson og Kristján Arason, þjálfarar liðsins af störfum og er þeim þakkað fyrir góð störf. Bjarni Fritzson tók við liðinu í desember.

Í desember var ferðinni svo heitið til Þýskalands á Sparkassen Cup í Merzig. Í þá ferð vantaði 8 leikmenn frá EM og því var ferðin nýtt til þess að stækka hópinn og skoða leikmenn. Þrátt fyrir aðeins einn sigur þá réðust úrsliti leikjanna ekki fyrr en í lokin og undantekningarlaust um hörkuleiki að ræða. Margir nýir strákar fengu eldskírn í þessari ferð og mun hún nýtast þessu hópi vel upp á framhaldið.

Sparkassen Cup

29.des.	Ísland - Holland	28-25
29.des.	Ísland - Noregur	25-31
28.des.	Ísland - Danmörk	21-23
28.des.	Ísland - Saar	18-24
27.des.	Ísland - Pólland	22-26

Næstu verkefni liðsins eru æfingar 19. - 21. maí fyrir 28 manna leikmannahóp. Mælingar og fundur 28. maí og svo undirbúningur í sumar og sjálft HM í Georgíu sem fram fer í ágúst 2017. Þá fer liðið einnig á æfingamót í Þýskalandi um mánaðarmótin júní/júlí.

Framtíðarmöguleikar þessa hóps er afar góður, margir flottir strákar á þessu aldursbili og gaman að sjá hversu sterkir '99 strákarnir eru að koma upp í þessum árgangi. Nokkuð ljóst að ef vel er haldið á spilunum með þessa stráka þá gæti við séð nokkra þeirra í A-landsliðinu á næstu árum.

Þjálfarar: *Bjarni Fritzson og Jóhann Ingi Guðmundsson*

U-17 ára landslið karla

Liðið kom saman þrjár helgar seinasta vor og sumar, þar var um stóra hópa að ræða 25-35 strákar í hvert skipti. Æfingar gengu vel og hópurinn fór að taka á sig mynd.

Fyrsta verkefni liðsins erlendis var í byrjun nóvember en þá var haldið á 4 liða mót í Amiens í Frakklandi. Liðið spilaði þar gegn Frökkum, Ungverjum og Svisslendingum. Sigur vannst í fyrsta leik gegn Frökkum en hinir tveir töpuðust. Íslenska liðið lenti í 4. sæti á mótinu, þrátt fyrir að hafa unnið sigurvegarana í fyrsta leik.

Liðið æfði á milli jóla og nýárs en hélt svo aftur til Frakklands í janúar. Þá var liðinu boðið á Miðjarðarhafsmótið í París þar sem 12 lið spiluðu á sama tíma og HM fór fram. Íslenska liðið lék 7 leiki í mótinu, 5 sigrar og 2 töp voru niðurstaðan og hafnaði liðið í 5. sæti. Viktor Gísli Hallgrímsson, markvörður var valinn í úrvalslíð mótsins.

Næstu æfingar liðsins eru seinnipart maí en í sumar verða valdir tveir hópar til æfinga. Annar hópurinn fer á European Open í Svíþjóð í byrjun júlí en hinn hópurinn fer á Ólympíuleika æskunnar í Ungverjalandi í lok júlí.

Liðið hefur á að skipa hæfileikaríkum leikmönnum en þó vantar uppá hæð og styrk þegar spilað er gegn sterkustu þjóðunum í þessum aldursflokki.

Úrslit leikja:

2017

Miðjarðarhafsmótið

20.jan.	Ísland - Pólland	26-17
19.jan.	Ísland - Alsír	32-16
19.jan.	Ísland - Argentína	22-20
18.jan.	Ísland - Túnis	29-15
17.jan.	Ísland - Ítalía	15-20
17.jan.	Ísland - Þýskaland	17-28
16.jan.	Ísland - Montenegro	29-17

2016

4 landa mót í Frakklandi

5.nóv.	Ísland - Ungverjaland	28-35
4.nóv.	Ísland - Sviss	27-34
3.nóv.	Ísland - Frakkland	36-30

Þjálfari: *Heimir Ríkardósson*

U-15 ára landslið karla

Hópnum hefur verið skipt í tvennt, eldra ár (f.2002) og yngra ár (f.2003) og hafa hóparnir æft sitt í hvoru lagi. Í heildina hafa á milli 70 og 80 strákar komið á landsliðsæfingar.

Eldri hópurinn (f.2002):

4 æfingar í júní 2016

4 æfingar í ágúst 2016

4 æfingar í nóvember 2016

8 æfingar í desember 2016 (2 á dag)

4 æfingar í janúar 2017

Yngri hópurinn (f.2003):

Handboltaskóli HSÍ í sumar

4 æfingar í nóvember

Efnilegur hópur sem samanstendur af ágætri hæð og tækni. Eins og staðan er núna þá er of mikill munur á eldra og yngra ári þannig að það hafa bara verið tveir leikmenn af yngra árinu að æfa með eldra árinu, breytist væntanlega á næsta ári. Halda þarf vel utan um hópinn og finna verkefni fyrir þessa stráka til að gera þá samkeppnishæfa í framtíðinni.

Báðir árgangar æfa í lok maí og svo fer 21 manns hópur til Danmerkur í æfinga- og keppnisferð í júní.

Þjálfarar: *Maksim Akbashev og Örn Þrastarson*

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2016-2017

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Bjarki Sigurðsson

Pétur Vilberg Guðnason

Ragnheiður Stephensen

Unnur Sigmarsdóttir

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkuð góð störf.

Starfsemi mótanefndar fór að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Breytingar á leikjum

Þar sem veðrið er helsti áhrifavaldur í breytingum leikja, gekk þetta tímabil nokkuð stórslysalaust fyrir sig. Þó eru nokkur atriði sem er þess virði að nefna.

- Við erum alltaf að lenda í því að félögin ýta öllum ferðum aftast í tímabilið, sem veldur því að þar er oft töluvert leikjaálag auk þess sem lítið má út af bregða.
- Valur er þegar þetta er skrifað komnir í undanúrslit í Evrópukeppni og velgengni þeirra hefur skapað smá tilfærslur í Olísdeild ka.


- U lið hafa aðeins fengið frjálsglegri meðhöndlun í 1. Deildinni, en það er eins og félögin séu ekki alveg nægjanlega skipulögð þar. Reyndar spurning hvort þau eigi að fá meiri slaka í tilfærslum, sér í lagi þegar um 2 U lið er að ræða.
- Það er alltof mikið um að starfsmaður mótanefndar sé milliliður í tilfærslum leikja í yngri flokkum, þar sem félögin eru sjálf að koma sér saman um breytingar. Hann á bara að fá nýjann leiktíma samþykktan af báðum aðilum, ekki að vera milliliður í samskiptunum.

Meistaraflokkur

Fyrir þetta tímabil var ákveðið að hleypa U liðum í deildarkeppni karla og kvenna. Þetta varð til þess að mfl. kv. er leikinn í 2 deildum og allar líkur eru á að það verði fjölgað í úrvalsdeild karla í 12 lið. En til þess að það gerist þurfa amk 20 lið að tilkynna þátttöku fyrir næsta tímabil. En í vetur voru þau 22 og var 2 U liðum hafnað, en þátttökutilkynning barst eftir að búið var að setja mótið upp.

U lið hafa reynst þeim liðum handboltalega vel, þ.e. ungir leikmenn hafa fengið góða reynslu af því að spila í 1. deild. Aftur á móti er það umhugsunarefni að 4 leikir hafa endað 10-0, þar sem ólöglegur leikmaður kom við sögu hjá U liði. Það er verkefni fyrir mótanefnd að velta fyrir sér hvernig hægt er að fá félögin til að sjá til þess að þetta gerist ekki.

Þegar liðafjöldi í mfl. síðustu ára er skoðaður, þá sést að liðafjöldi hefur aukist á stuttum tíma um ca 60% bæði karla og kvenna megin, þótt karlamegin séu U lið stór hluti af þeirri fjölgun.



Það verður verkefni næstu tímabila að viðhalda þessum liðafjölda þannig að deildarkeppnirnar hafi stöðugleika, sem er lykilatriði fyrir markaðsetningu þeirra. En það hefur í gegnum tíðina verið vandamál að við höfum verið að spila eftir nýju og nýju fyrirkomulagi jafnvel þannig að mörg ár í röð var aldrei sama fyrirkomulagið á milli ára.

Yngri flokkar



Það er til tölfraði frá árinu 2004 um fjölda liða, það gefur góða hugmynd um hvernig árgangar hafa þróast frá 8 til 18 ára

Hafa þarf í huga að flokkum var árgangskipt (yngri/eldri) :


2009 - 5.fl., 2010 - 6.fl., 2013 - 4.fl.

Hér er hægt að sjá þróun einstaka árganga og það er hægt að lesa úr þessu að árgangar virðast hafa verið að stækka til, það sést að árgangar eftir 1999 virðast vera að minnka, en þegar liðafjöldi í 3.flokki er skoðaður, þá virðist vera að þó svo að árgangarnir séu að minnka, þá virðist brottfallið ekki hafa áhrif á liðafjölda í 3.fl. sem neinu nemur.

Það sést samt í þessu að velgengni karlalandsliðsins 2008-2010 hefur greinileg áhrif þar sem þeir árgangar sem eru þar í 7. og 6. flokki eru stærstu árgangarnir.



Þegar brottfall í árgöngum síðustu ár er skoðað, þá sést að það bætist stöðugt við í 7. og 6. fl (9-11 ára) en það er áhugavert að það er nánast eingöngu brottfall á yngri ári í 5. og 4. flokki, sem kemur meira að segja aðeins til baka á eldra árinu í 5.fl. (13 ára)



Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Fræðslu- og útbreiðslunefnd var skipuð þeim Hjalta Þór Hreinssyni og Styrmí Sigurðssyni.

Þjálfaramenntun

Síðast liðið ár hafa voru þjálfaranámskeið haldin þrisvar sinnum.

Í byrjun júní voru haldin helgarnámskeið á 1., 2. og 3. stigi. Þar kláraði fyrsti hópur 1. stigið, á meðan 2. og 3. stigið fóru yfir líkamlega þjálfun handknattleiksmanna. Í september var námskeiðið haldið með öðru

sniði, en í stað helgarnámskeiðs var vinnunni skipt á tvo sunnudaga. Þar kláruðu þjálfarar á 2. stigi sitt nám. Á helgarnámskeiði í byrjun janúar luku þjálfarar á 3. stigi sínu námi, en þessir þjálfara hafa nú lokið fjórum námskeiðum auk verkefna. 3. stiginu lauk formlega með einstaklingsfundum í byrjun febrúar.

Í janúar hófst líka 1. stigið á nýjan leik, auk þjálfunar í yngstu flokkunum var skyndihjálpar á dagskrá og hefur Styrmir Sigurðsson, einn nefndarmanna í fræðslu- og útbreiðslunefnd tekið þann hluta að sér enda reyndur á þessu sviði.

Markmannspjálfun HSÍ

Gísli Guðmundsson gerði myndbönd um markmannspjálfun HSÍ þar sem tekin er fyrir þjálfun markvarða frá 3. - 6. flokks. Í myndböndunum er farið ítarlega í þjálfun markvarða á hverju aldurstigi. Myndböndin auk æfingabanka eru aðgengileg á heimasíðu HSÍ.

Útbreiðsla

Starfsmenn á skrifstofu HSÍ héldu til Húsavíkur í lok september. Markmiðið var að vera með kynningu á handbolta og halda stutt þjálfara- og dómarnámskeið. Um 40 krakkar mættu á 4 æfingar í tveimur aldursflokkum þessa helgi og 6 þjálfarar sóttu námskeiðin, var mikil ánægja með hversu vel þessi ferð gekk.

Þá var haldinn fundur með KA, Þór og Völsungi og ákveðið á koma á staðbundnu móti í 7. og 8. flokki þar sem liðin á Norðurlandi gætu reynt með sér. Mótið fór fram í janúar og mættu yfir 150 þátttakendur, næsta mót verður haldið um mánaðarmótin apríl/mái og er það von okkar að þessi mót verði haldin 2-3 ári um ókomna framtíð. Þá hefur komið upp sú hugmynd að koma slíkum mótum á í öðrum landshlutum, t.a.m. Vestfjörðum eða á Austurlandi. Sú vinna er komin af stað og má reikna með frekara kynningum á landsbyggðinni næsta haust.

Annað

Íslenskir þjálfarar hafa mikið spurts fyrir um EHF Master Coach þjálfaranámskeið, stefna HSÍ er að fá slíkt námskeið til Íslands 2019 í samstarfi við EHF. En til þess að það geti gengið eftir þarf að fara í undirbúningsvinnu á næstu mánuðum. EHF hefur gefið út að tímabilið 2020/2021 þurfa landsliðspjálfarar og þjálfarar í Champions League að hafa lokið Master Coach.

F.h. fræðslu- og útbreiðslunefndar,

Magnús Kári Jónsson

10. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Arnar Þorkelsson, gjaldkeri HSÍ, lagði fram ársreikninga. Í stað þess að lesa upp tölur úr skýrslunni kvaðst hann heldur vilja veita innsýn í reksturinn og skiptingu gjalda og tekna í myndrænu formi og með glærukynningu, rétt eins og Hjalti forveri gerði í fyrra.

Kvaðst hann vissulega hafa viljað geta kynnt aðrar niðurstöður um reksturinn. Tap ársins er 9,4 milljónir, rekstrartekjur að hækka um þrjár milljónir meðan rekstrargjöld aukast einnig, og það um 13 milljónir. Eflaust má telja helstu ástæður fyrir niðurstöðu þessa árs, sem var einstaklega erfitt, vera lækkun frá styrktaraðilum um 4 milljónir milli ára. Tiltekt í bókhaldinu hefur falið í sér afskriftir og niðurfærslur upp á 3,5 milljónir á árinu. Þá voru tveir A-landsliðsþjálfarar karla á launaskrá í þrjá mánuði, sem hefur sitt að segja. Einnig er vert að nefna yngri landslið sem hafa verið að ná góðum árangri og slíku fylgir gífurlegur kostnaður. Bæði hafa verkefni til yngri landsliða verið að aukast, þau hafa verið á lokamótum, og það viljum við vissulega gera áfram þótt það kosti sitt að vera með gott afreksstarf. Einnig eru mótatekjur ársins lægri en í fyrra. Ástæðan er sú að við vorum með eina efstu deild kvenna í fyrra en skiptum upp í tvær deildir. Þar af leiðandi lækka mótatekjur af því. Á sama tíma hækka dagpeningar og ferðakostnaður dómara og eftirlitsmanna töluvert milli ára.

Kökurit af tekjum sambandsins sýndi, að af þeim 199 milljónum sem sambandið fékk inn, kom 48% teknanna frá styrktaraðilum, 26% frá ÍSÍ og Lottó. Eftirstöðvar eru tekjur frá landsleikjum, Íslandsmóti og slíku.

Styrkir frá ÍSÍ og Lottótekjur eru nokkuð sambærilegar milli ára, eins og sjá mátti. Framlög frá styrktaraðilum hafa hins vegar lækkað um 20 milljónir frá árinu 2014. Svo er búast má við að tekjur frá landsmótum rokki milli ára, þá lækkuðu þær örlítið á þessu ári. Hins vegar hækkuðu aðrar tekjur. Helst má nefna öflug námskeið sem haldin voru á síðasta ári, en þar eð þau eru ekki haldin í gróðaskyni hækka rekstrargjöld á móti.

Rekstrargjöld

Sjá mátti að 42% af rekstrargjöldum fer í að reka landsliðin. Mótakostnaðurinn er 15%, laun og launatengd gjöld 21% og verktakagreiðslur 12%. Smærri útgjaldaliðir eru svo annar rekstrarkostnaður og skrifstofukostnaður.

Þróun rekstrargjalda síðustu þrjú árin sýnir að kostnaður vegna landsliða hefur lækkað töluvert. Hluti þess hefur að gera með hvar stórmót eru haldin sem og fjöldi verkefna. Horfa þarf á verktakagreiðslur og landslið saman til að fá út kostnað við landslið. Kostnaður árið 2015 var lægri vegna Katar.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningurinn sýnir að eigið fé sambandsins er orðið neikvætt. Af veltufjármunum eru 30,2 milljónir útistandandi viðskiptakröfur. Skiptist það svo að 11,8 milljónir eru útistandandi hjá félögunum og 18,4 milljónir hjá öðrum styrktaraðilum og fyrirtækjum við árslok. Af þessum útistandandi 30,4 milljónum voru 18 milljónir greiddar í lok mars.

Í lok árs í fyrra voru 11,8 milljónir útistandandi hjá félögunum. Hæsta skuldin nam 1,6 milljón. Deildirnar standa misvel á sínu, með sumar deildir er aldrei vandamál meðan 21 deild er núna í skuld. Af þeim eru nokkrar í greiðsluaðlögun. Þessa ólíku stöðu þarf að takast á við með jafnréttissjónarmið í huga, ekki er sanngjarnt gagnvart þeim félögun sem striti við að standa á sínu fjárhagslega að önnur félög láti slíkt sitja á hakanum.

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2016

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 590169-4049

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2016

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-8

Skýrsla stjórnar

Tap Handknattleikssambands Íslands á árinu 2016 nam kr. 9.412.283. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 45.508.725, bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 2.658.554.

Að áltí stjórnar og framkvæmdastjóra Handknattleikssambands Íslands koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.


Reykjavík, 12. apríl 2017

I stjórn



Guðrún Guðjónsd.
Hildis Guðmundsdóttir
Anna L. Sævar

Annar Þorvaldsson



Framkvæmdastjóri



Áritun uppgjörsaðila

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Handknattleikssamband Íslands vegna ársins 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Handknattleikssamband Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Kópavogi, 12. apríl 2017

Almarr Erlingsson


Fjárstoð ehf

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning sem áritaður er af Fjárstoð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 12. apríl 2017


Guðmundur Þ. Frimannsson

Jón Gestur Viggósson

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Styrkir ÍSÍ og Lottó		51.068.742	50.753.247
Aðrir styrkaraðilar		94.900.567	99.168.140
Tekjur af landsleikjum		19.245.634	16.998.208
Íslandsmót		16.430.611	17.129.861
Aðrar tekjur		17.543.522	12.192.955
Rekstrartekjur alls:		199.189.076	196.242.411
Kostnaður landsliða		(85.982.209)	(84.259.504)
Laun og launatengd gjöld		(43.267.151)	(41.326.490)
Verktakagreiðslur		(25.296.569)	(19.765.103)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(8.446.202)	(6.749.738)
Annar rekstrarkostnaður		(11.722.255)	(12.283.334)
Mótakostnaður		(31.501.821)	(29.065.990)
Rekstrargjöld alls:		(206.216.207)	(193.450.159)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(7.027.131)	2.792.252
Fjármunatekjur	2	410.704	963.159
Fjármagnsgjöld	3	(2.795.856)	(2.844.206)
(Tap), hagnaður ársins		(9.412.283)	911.205

Efnahagsreikningur 31.12.16

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	6.358.303	6.299.061
		<u>6.358.303</u>	<u>6.299.061</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	30.209.138	29.466.288
Aðrar skammtímakröfur	5	8.916.341	14.720.932
Handbært fé	5	24.943	22.500
		<u>39.150.422</u>	<u>44.209.720</u>
Eignir		<u>45.508.725</u>	<u>50.508.781</u>
Eigið fé			
(Ójafnað tap), óráðstafað eigið fé	6	(2.658.554)	7.403.926
Eigið fé, (neikvætt)		<u>(2.658.554)</u>	<u>7.403.926</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	7	28.320.944	28.711.468
Ógreidd laun og launatengd gjöld		3.543.598	1.235.073
Yfirdráttur bankareikninga		11.274.819	11.951.019
Aðrar skammtímaskuldir	7	5.027.918	1.207.295
		<u>48.167.279</u>	<u>43.104.855</u>
Skuldir		<u>48.167.279</u>	<u>43.104.855</u>
Eigið fé og skuldir		<u>45.508.725</u>	<u>50.508.781</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstartap), rekstrarhagnaður		(7.027.131)	2.792.252
Afskriftir		2.555.204	2.032.315
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(4.471.927)	4.824.567
Rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun)		5.061.741	14.192.914
Rekstartengdar skuldir, hækkun, ((lækkun))		5.062.424	(12.543.017)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		5.652.238	6.474.464
Innborgaðir vextir og arður		410.704	963.159
Greiddir vextir		(2.795.856)	(2.844.206)
Handbært fé frá rekstri		3.267.086	4.593.417
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(2.614.446)	(4.657.452)
		(2.614.446)	(4.657.452)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á eigin fé		(650.197)	0
		(650.197)	0
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		2.443	(64.035)
Handbært fé í upphafi árs		22.500	86.535
Handbært fé í lok árs		24.943	22.500

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Reikningar voru lagðir undir atkvæði.

Framlagðir reikningar voru samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár

Arnar Þorkelsson gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun 2017. Eins og sjá mátti er áætlað að rekstrartekjur verði 233 milljónir, sem er töluverð aukning milli ára, mót áætluðum rekstrargjöldum upp á 227 milljónir. Hagnaður árs eigi því að verða um 6 milljónir. Þar á móti komi til vaxtagjöld svo þegar allt er talið ætti hagnaðurinn að verða um 4 milljónir.

Gjaldkeri lagði til að fjárhagsáætlun verði vísað til fjárhagsnefndar.

Áður en að því kemur er orðið gefið laust um fram lagða fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Enginn bað um orðið.

Tillögu um fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2017

	Skýr.	2017 Áætlun	2016 Rauntölur	2016 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og strykir	1	69.564.310	51.068.742	56.910.000
Aðrir stryktaraðilar	2	116.600.000	94.900.567	107.000.000
Tekjur af landsleikum	3	20.800.000	19.245.634	16.600.000
Íslandsmót	4	16.034.500	18.448.500	15.451.000
Tekjur af mótum	5	9.700.000	11.543.522	10.100.000
Rekstrartekjur alls		232.698.810	195.206.965	206.061.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	71.015.369	68.563.720	67.440.076
Kostnaður v. Landsliða	7	104.429.065	79.982.209	90.708.522
Kostnaður v. Mótahalds	8	33.900.000	33.519.710	30.500.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	2.100.000	2.033.649	1.700.000
Rekstur skrifstofu	10	6.890.000	6.582.926	5.240.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	3.500.000	3.469.353	2.600.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.000.000	956.031	1.750.000
Annar kostnaður	13	1.090.000	4.571.294	1.100.000
Afskriftir v. Íþróttagólfis		2.560.000	2.555.204	2.032.315
Rekstrargjöld samtals		226.484.434	202.234.096	203.070.913
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		6.214.376	-7.027.131	2.990.087
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	15	410.000	410.704	65.000
Vaxtagjöld	15	-2.600.000	-2.795.856	-900.000
Dráttarvextir	15	0	0	-1.250.000
		-2.190.000	-2.385.152	-2.085.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		4.024.376	-9.412.283	905.087

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Allar tillögur að lagabreytingum koma frá laganefnd HSÍ, sem er millipinganefnd.

Þingskjal nr. 4

	60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll 22. apríl 2017 <u>Þingskjal nr: 4</u>
Tillaga um Lög HSÍ Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ	

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Ný grein

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir óeðlilega þátttöku sinna félagsmanna í veðmálastarfssemi.

Rökstuðningur:

Mikil umræða hefur verið um veðmálastarfssemi í íþróttum sem hefur teygst anga sína í neðri deildir íþróttanna sem og yngri flokka. Nauðsynlegt er að aðildarfélög sé meðvituð um þessa vá í íþróttastarfsseminni og gæti að því að félagsmenn séu ekki að taka þátt í slíkri starfsemi með óeðlilegum hætti s.s. hagræðingu úrslita eða með öðrum hætti þannig að það hafi óeðlileg áhrif á slík atriði.

Með þessu ákvæði er athygli vakin á þessu hjá félögunum og er til skoðunar hjá stjórn HSÍ að setja sérstaka reglugerð varðandi þetta sem yrði þá í samstarfi við önnur aðilarsambönd ÍSÍ.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar (*laga- og reglannefnd er hér eftirleiðis styttn laganefnd*). Enginn bað um orðið eða hreyfði við andmælum.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 4 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
22. apríl 2017
Þingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

9. gr. Réttur til þingsetu

Breyting á málsgrein

Á handknattleiksþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt og eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem ekki eru í vanskilum við HSÍ

Rökstuðningur:

Í lögum HSI hefur lengi verið heimild til þess að meina fulltrúum félaga, sem eru ekki skuldlausir við HSÍ, frá að kjósa á ársþingi HSÍ. Þessu ákvæði hefur ekki verið breytt. Nú er lagt til að þessu ákvæði verði breytt með þeim hætti að í stað þess að vera skuldlausir komi ákvæði um að þeir séu ekki í vanskilum við HSÍ. Með þeim hætti geta félög gert skriflega greiðslusamkomulög við HSÍ um uppgjör á sínum skuldum og með slíku samkomulagi eru félögin ekki lengur í vanskilum við HSÍ og hafa þannig atkvæðisrétt.

Með þessari breytingu verður skerpt á því að félögin gangi frá greiðslusamkomulögum fljótt og örugglega og er gert ráð fyrir því að þessari reglu verði beitt í framtíðinni gagnvart þeim félögum sem skulda HSÍ og ganga ekki frá greiðslusamkomulögum.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 5 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll 22. apríl 2017 Þingskjal nr: 6

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Laganefnd HSI

31. gr. Dómstigin.

Dómstólar HSI eru dómstóll HSI og áfrýjunardómstóll HSI. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSI og varða lög og reglur HSI eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSI byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSI skulu lúta ákvæðum laga þessara og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSI. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Dómstóll HSI er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

Áfrýjunardómstóll HSI er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

Dómstólar HSI skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSI og er tölvupóstfang dómstólanna hsi@hsi.is. HSI ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu HSI telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

Rökstuðningur:

Í ljósi þess að tekin hafa verið af öll tvímæli um að heimilt sé að senda kæru með tölvupósti þá er rétt að tekið sé fram í lögnum hvaða tölvupóstfang sé í gildi fyrir dómstólinn.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 6 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
22. apríl 2017
Þingskjal nr: 7

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

35. gr. Kærufrestur og þingfestingargjald.

Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

Þingfestingargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSÍ. Greiðslukvittun þingfestingargjalds skal fylgja kæru til dómsins.

36. gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

1. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang kæranda
2. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang
3. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer og tölvupóstfang
4. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
5. lýsing helstu málavaxta
6. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
7. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
8. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
9. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum og greiðslukvittun þingfestingargjalds, skal send dóminum með sannarlegum hætti. Heimilt er að senda kæru til dómsins með tölvupósti.

37. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ ásamt kvittun fyrir greiðslu þingfestingargjalds. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

...

41. gr. Áfrýjun og áfrýjunargjald.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Áfrýjunargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSÍ. Greiðslukvittun áfrýjunargjalds skal fylgja greinargerð til dómsins.

Rökstuðningur:

Umsýsla skrifstofu HSÍ vegna dómsmála, bæði kæru til dómstóls HSÍ sem og áfrýjun til áfrýjunardómstóls HSÍ, er umtalsverð. Nauðsynlegt er að kostnaður vegna þessarar umsýslu sé amk. að hluta til á þeim sem óskar eftir þeirri málsmeðferð en ekki jafn á öllum félögum og einnig kemur hæfilegt gjald af þessum toga í veg fyrir kærur sem eru bersýnilega rangar frá upphafi. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld séu greidd fyrirfram og verður kæra/áfrýjun ekki talin móttækin fyrr en þegar þetta gjald hefur verið greitt.

Í 36. gr. er tekið út skilyrðið um að faxnúmer aðila sé tiltekið þar sem faxsamskipti eru ekki lengur viðhöfð hjá HSÍ. Einnig er skilyrðið um að frumrit kæru sé sent dóminum tekið út og tekið fram að tölvupóstur sé nægur.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða og vísa þingskjali nr. 7 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
22. apríl 2017
Þingskjal nr: 8

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

47. gr. Lyfjaeftirlit.

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Rökstuðningur:

Verið að lagfæra orðalag til samræmis við orðalag ÍSÍ.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 8 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Þingskjal nr: 9

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

51. gr. Handknattleiksmót

C. Umspil 1.deildar

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1.deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Rökstuðningur:

Í lög HSÍ var ekki ákvæði sem tekur á því þegar liðin í 1. deild, sem hafa heimild til að fara upp í úrvalsdeild, eru færri en 4. Gert er ráð fyrir því í þessari grein að efsta liðið í umspilinu sitji hjá í 4 liða úrslitum og hin liðin tvö keppi sín á milli í þessari umferð umspilsins. Óþarft er að geta þess ef liðin eru færri þar sem þá fer annaðhvort fram umspilsleikir milli tveggja liða eða að lið fer beint upp ef aðeins eitt lið hefur þessa heimild.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 9 til allsherjar- og laganefndar.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Þingskjal nr: 10

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

51. gr. Handknattleiksmót

D. Höfnun á þátttökurétt í úrvalsdeild

Dragi lið sig úr úrvalsdeild eða hafni lið því að taka sæti í úrvalsdeild skulu lið fá það sæti í þessari röð.

1. Lið sem tapar úrslitum umspils
2. Lið sem féll úr úrvalsdeild í efra sæti
3. Lið sem féll úr úrvalsdeild í neðra sæti
4. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Hafni lið að taka sæti í úrvalsdeild skal það sæta sektum.

Rökstuðningur:

Nauðsynlegt er að hafa í lögum reglur um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild ef lið hafnar því að taka sæti í þeirri deild.

Gert er ráð fyrir því sem aðalreglu að það lið sem tapar í úrslitum umspils um sæti í úrvalsdeild fær sætið en síðan fá önnur lið þann rétt í ákveðinni röð.

Í ákvæðinu er einnig mælt fyrir um það að ef lið hafni sæti í úrvalsdeild þá skuli það sæta sektum en fjárhæð og nánara fyrirkomulag þess verður sett í reglugerð um handknattleiksmót og verður í höndum mótanefndar eins og önnur sambærileg mál.

Lagt til að verði vísað til allsherjar- og laganefndar. Engin mótmæli við því.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 10 til allsherjar- og laganefndar.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Engar tillögur né önnur mál höfðu borist stjórn.

---- Þinghlé meðan þingnefndir starfa ---

Áður en þing hófst að nýju eftir hlé sté Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir í pontu fyrir hönd kjörbréfanefndar og greindi frá fjölgun þingfulltrúa. Fulltrúum fjölgaði um sjö, úr 35 í 42:

Afturelding: Ásgeir Sveinsson

Fylkir: Jóhannes Lange

ÍBV: Arnar Pétursson, Aðalsteinn Þorbergsson, Davíð Hjaltested

ÍR: Runólfur Sveinsson

Víkingur: Hjördís Guðmundsdóttir

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Arnar Þorkelsson fékk orðið. Áætlun um að auka tekjur félagsins eru hve efst á baugi, sagði hann. Til þurfi 40 milljónir, þar af er áætlað að 20 milljónir komi í auknum framlögum frá afrekssjóði ÍSÍ, hinar tuttugu þarf að sækja í formi styrkja og frá velunnurum, eins og áður hefur komið fram. Þá ræddi nefnd stöðuna um lausan sjónvarpssamning eftir þetta tímabil. Þar ríki óvissa sem þurfi að vinna úr á næstu mánuðum. Að öðru leyti voru engar breytingartillögur á fjárhagsáætluninni.

Orðið var gefið laust um óbreytta fjárhagsáætlun. Enginn kvaddi sér hljóðs. Óbreytt fjárhagsáætlun var því lögð fram til atkvæða.

Óbreytt fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Davíð B. Gíslason tók þá til máls. Hann þakkaði góðar umræður í nefnd.

Þingskjal nr. 4

Lagt til að verði samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 4 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5

Lagt til að verði samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 5 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6

Lagt til að verði samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7

Allsherjar- og laganeftnd vill bæta málsgrein við 35. og 41. grein í upphaflegu þingskjali: „Verði niðurstaða dómstóls kæranda í vil fær hann þingfestingargjaldið endurgreitt“. Kostnaðurinn falli á HSÍ og félögin, svo hlutur þess sem brotið var á verði fyllilega réttur.

Þingskjal með breytingartillögu var lagt fram til atkvæða. Enginn vildi ræða breytingartillögu. Þingskjal nr. 7 með áorðnum breytingum var lagt til atkvæða.

Þingskjal nr. 7 með áorðnum breytingum var samþykkt samhljóða.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Þingskjal nr: 7.1

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganeftnd HSÍ

35. gr. Kærufrestur og þingfestingargjald.

Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganeftndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

Þingfestingargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSÍ. Greiðslukvittun þingfestingargjalds skal fylgja kæru til dómsins.

Verði niðurstaða dómstóls kæranda í vil fær hann þingfestingargjaldið endurgreitt.

36. gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

10. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang kæranda
11. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang
12. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer og tölvupóstfang
13. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
14. lýsing helstu málavaxta

15. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
16. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
17. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
18. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum og greiðslukvittun þingfestingargjalds, skal send dóminum með sannarlegum hætti. Heimilt er að senda kæru til dómsins með tölvupósti.

37. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ ásamt kvittun fyrir greiðslu þingfestingargjalds. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

...

41. gr. Áfrýjun og áfrýjunargjald.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Áfrýjunargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSÍ. Greiðslukvittun áfrýjunargjalds skal fylgja greinargerð til dómsins.

Verði niðurstaða áfrýjunardómstóls kæranda í vil fær hann áfrýjunargjaldið endurgreitt.

Rökstuðningur:

Umsýsla skrifstofu HSÍ vegna dómsmála, bæði kæru til dómstóls HSÍ sem og áfrýjun til áfrýjunardómstóls HSÍ, er umtalsverð. Nauðsynlegt er að kostnaður vegna þessarar umsýslu sé amk. að hluta til á þeim sem óskar eftir þeirri málsmeðferð en ekki jafn á öllum félögum og einnig kemur hæfilegt gjald af þessum toga í veg fyrir kærur sem eru bersýnilega rangar frá upphafi. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld séu greidd fyrirfram og verður kæra/áfrýjun ekki talin móttækin fyrr en þegar þetta gjald hefur verið greitt.

Í 36. gr. er tekið út skilyrðið um að faxnúmer aðila sé tiltekið þar sem faxsamskipti eru ekki lengur viðhöfð hjá HSÍ. Einnig er skilyrðið um að frumrit kæru sé sent dóminum tekið út og tekið fram að tölvupóstur sé nægur.

Þingskjal nr. 8

Lagt til að verði samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 8 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 9

Lagt til að verði samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 9 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 10

Upphaflegt þingskjal varðar uppröðun og sektir ef lið hætti við þátttöku í úrvalsdeild. Þar hefur vantar að skilgreina hvaða lið eigi rétt á að taka það sæti og í hvaða röð. Laganefnd var sátt við uppröðunina og leggur ekki til breytingu þar á.

Hins vegar þykir nefnd þurfa að skerpa á því að hverjum sektargreiðslan skuli beinast. Nefnd gerir ekki athugasemd við að lið sæti sekt hætti það við þátttöku í úrvalsdeild. Hins vegar þykir nefnd ranglátt að sama sektarákvæði gildi um lið sem á eftir koma, séu þau ekki tilbúin til að taka sætið. Breytingar á þingskjalinu kveða því á um að skerpa skil milli þeirra sem öðlast rétt á þátttöku í úrvalsdeild og hinna sem svo bjóðast það í kjölfarið. Þannig leggur nefnd til eftirfarandi orðalagsbreytingu:

Hafi lið unnið sér rétt til að taka sæti í úrvalsdeild, en hafnar því, skal það sæta sektum.

Þingskjal nr. 10 var tekið til umræðu með áorðnum breytingum. Orðið gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum var samþykkt samhljóða.



60. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Þingskjal nr: 10.1

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

51. gr. Handknattleiksmót

E. Höfnun á þátttökurétt í úrvalsdeild

Dragi lið sig úr úrvalsdeild eða hafni lið því að taka sæti í úrvalsdeild skulu lið fá það sæti í þessari röð.

5. Lið sem tapar úrslitum umspils
6. Lið sem féll úr úrvalsdeild í efra sæti
7. Lið sem féll úr úrvalsdeild í neðra sæti
8. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Hafi lið unnið sér rétt til að taka sæti í úrvalsdeild en hafnar því skal það sæta sektum.

Rökstuðningur:

Nauðsynlegt er að hafa í lögum reglur um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild ef lið hafnar því að taka sæti í þeirri deild.

Gert er ráð fyrir því sem aðalreglu að það lið sem tapar í úrslitum umspils um sæti í úrvalsdeild fær sætið en síðan fá önnur lið þann rétt í ákveðinni röð.

Í ákvæðinu er einnig mælt fyrir um það að ef lið hafni sæti í úrvalsdeild þá skuli það sæta sektum en fjárhæð og nánara fyrirkomulag þess verður sett í reglugerð um handknattleiksmót og verður í höndum mótanefndar eins og önnur sambærileg mál.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils

Arnar Þorkelsson fékk aftur orðið.

Listi yfir þátttökugjöld fyrir næstkomandi keppnistímabil fylgir gögnum, samsvarandi við áðursamþykktu fjárhagsáætlun. Rétt þykir að vekja athygli á því að gjalddagi er settur 5. september hvert ár. Einnig er nýtt gjald sett á, sem er neðsta línan í þátttökugjöldum. Á það við um alla leiki í yngri flokkum, 4. flokk og uppúr, upp í meistaraflokk. Um er að ræða umsýslugjald fyrir tíma og vinnu við að breyta leikjum, fyrir þau félög sem óska eftir slíkri breytingu.

Þingforseti gaf orðið laust.

Arnar Þorkelsson áréttaði eftir spurningu úr sal að gjaldið eigi við þegar breytingar á leikjum eigi sér stað *eftir* gefinn frest.

Enginn annar tók til máls. Tók þá þingforseti fram að í raun sé búið að samþykka þátttökugjöldin með samþykkt fjárhagsáætlunar. Formsins vegna eru þátttökugjöld borin undir atkvæði og fólki gefinn kostur á að tjá sig.

Orðið gefið laust um þátttökugjöld. Enginn vildi tjá sig frekar um það.

Þátttökugjöld borin undir atkvæði.

Þátttökugjöld næsta keppnistímabils samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ sté í pontu.

Ljáði hann máls á afreksstefnu HSÍ, þar eð hún sé nú loks komin endanlega á prent. Hana þarf að samþykkja. Hún var kynnt á formannafundi fyrir um fjórum vikum og í kjölfarið send til fulltrúa. Stefnan er hluti af því að vera gjaldgeng til að sækja um styrki hjá Íþróttasambandi Íslands. Spannar hún breitt svið, alla þjálfunarmenntun, fagteymin kringum landsliðin, fjölda landsliða, o.s.frv., o.s.frv.

Einar vill meina að sambandið sé algerlega komið á þann stað sem afreksstefnan kveður á um. Ætlunin er að fylgja henni eftir næstu fjögur árin, framyfir Ólympíuleikana 2020, er hún verður aftur tekin til endurskoðunar. Þess er núna farið á leit að afreksstefnan verði samþykkt.

Þingforseti bauð fólki að ræða stefnuna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Gengið til atkvæða um afreksstefnuna eins og hún liggur fyrir í hjálögðum gögnum.

Afreksstefna HSÍ var samþykkt samhljóða.

Orðið var aftur gefið laust til að ræða önnur mál.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Mælendaskrá lýst lokað.

18. Kosning stjórnar

Fyrst er kjörinn formaður. Sitjandi formaður, Guðmundur B. Ólafsson, var einn í framboði formanns HSÍ fyrir næsta starfsár. Hann telst sjálfkjörinn.

Þingheimur staðfesti endurkjör Guðmundar B. Ólafssonar til formanns með lófaklappi.

Sex voru í framboði fyrir fjögurra manna aðalstjórn HSÍ. Þau voru:

- Ágúst Jóhannsson
- Davíð B. Gíslason
- Hjördís Guðmundsdóttir
- Hjalti Þór Hreinsson
- Vigfús Þorsteinsson
- Þorbergur Aðalsteinsson

Þingforseti lagði á það skýra áherslu að til að kjörseðill teljist gildur beri að kjósa nákvæmlega fjóra með einföldum krossi, hvorki færri né fleiri.

Var þá frambjóðendum boðið að kynna sig, einn af öðrum, (nokkurn veginn) eftir stafrófsröð.

Ágúst Jóhannsson:

Ágúst kvaðst hafa breiða og víðtæka þekkingu í handboltanum og verið lengi að. Hefur hann stafað sem þjálfari beggja kynja, innlendis sem erlendis. Sem stjórnarmaður og starfsmaður í deildum hefur hann komið vítt og breitt að mörgum þáttum í félögunum sem hann hefur starfað í.

Hans áherslumál eru kynningarmálin. Fókusinn segir Ágúst að megi vera meiri á félögin hér heima og á deildirnar. Enda séu þær gríðarlega sterkar margar hverjar. Félagið geti gert betur í kynningar- og sjónvarpsmálum. Samband við styrktaraðila sé mál sem við verðum að taka okkur á í og þar kvaðst hann hafa ýmsar hugmyndir að leiðum til að fjölga styrktaraðilum og aukið streymið inn í rekstur sambandsins.

Varðandi landsliðsmálin, þá hefur vantað fleiri landsleiki hér heima, fáir vináttuleikir eru haldnir heima fyrir og of mikið farið út. Til margs sé að vinna, margir samverkandi þættir geri innanlandsleiki að hagsmunamáli, og varða þeir til að mynda sýnileika styrktaraðila, auk þess sem við fengjum fólkið okkar heim, sem við aftur gætum auglýst meira. Leikir ættu líka að fara miklu oftari út á land, þar eð við eigum góð félög þar með frábæra umgjörð.

Þá kvaðst Ágúst vel tengdur inn í hreyfinguna og lofaði að hann yrði sýnilegur. Hann myndi standa nær hreyfingunni og félögunum en verið hefur og minnka gjána sem honum finnst full mikil meðal félaganna og svo aftur sambandsins. Bæði félögin og HSÍ geti gert betur. Myndi hann leggja sig fram um að gera gott starf ennþá betra.

Davíð B. Gíslason:

Sagði hann að handboltinn hafi átt hug hans og hjarta síðan var 12 ára. Hefur hann starfað fyrir HSÍ í sennilega 15 ár, fyrst í aganefnd og síðan dómaranefnd. Þá hefur hann verið síðustu ár í stjórn HSÍ og lagt sitt af mörkum við að bæta starfið í sambandinu.

Fyrir HSÍ má margt gera. Mikið hefur áunnist, bæði í afreksstarfi og deildarkeppni. Góðar breytingar hafa átt sér stað síðustu ár, bæði í fjölgun félaga og iðkenda, frábær mót í öllum deildum og góður árangur náðst með landsliðinu okkar í afreksstarfinu. Þannig hefur gríðarlega gott starf verið unnið bæði hjá félögum og í sambandinu. Margt er þó framundan og kvaðst hann reiðubúinn að leggja sitt af mörkum.

Hjördís Guðmundsdóttir:

Fyrir einhverjum árum síðan fékk Hjördís símtal frá kynsystur sem bað hana um að koma í stjórn Víkings, af því vantaði konu. Oft á tíðum þarf að biðja þær, sagði Hjördís. Fyrir öðrum fjórum árum fékk hún aftur símtal og hún beðin um að vera í stjórn HSÍ af því vantaði konu. Þótt henni líki það illa þá virðist enn oft þurfa þetta símtal og hún spyrji sig hvers vegna. Í gegnum tíðina eru sjaldan konur sem óska eftir að vera í stjórnnum, of oft þarf að biðja þær.

Þegar svo á hólminn er kominn finna þær gjarnan fyrir því hvað þörfin fyrir sjónarmið beggja kynja geti verið aðkallandi. Að því sögðu vill hún þó auðvitað fyrst og fremst að hæfasta fólkið sé ráðið, hún sé í raun ekki talsmaður annars. Stundum megum við samt til með að setja upp kynjagleraugin, auk þess að horfa til víðs aldursbils og annars til að fá sem fjölbreyttastan hóp í stjórn. Hún kvaðst þó vona að hæfasta fólkið verði valið.

Hjalti Þór Hreinsson:

Hjalti hefur verið í stjórn HSÍ í tvö ár og áður verið formaður Hamra á Akureyri, formaður Handknattsleiksdeildar KA og aðalstjórn KA og sennilega öllum stjórnnum sem tengjast handbolta fyrir norðan. Var hann fyrst gjaldkeri HSÍ. Nýverið lagði hann til við stjórnina, sem er eitt af því sem hann mun halda áfram að ræða, er að breyta eilítið stjórnarmynstrinu sem nú er við lýði. Maður eins og hann, með enga reynslu af gjaldkerastörfum, á ekki að vera gjaldkeri HSÍ. Hann var það þó í fyrra og stóð sig vel, en það breyti ekki því að þetta hafi hann talið óeðlilegt. Tók hann þó skýrt fram að núverandi gjaldkeri sé mjög hæfur og að standa sig mjög vel.

Kvaðst Hjalti hafa unnið einna helst að heimasíðu, markaðs- og kynningarmálum og slíku, verið í góðu samstarfi við skrifstofuna við vinnu sína. Mikið til hafi þetta þó verið störf sem hann var ekki endilega skipaður í. Hefur hann fullan hug á að halda starfinu áfram og sinna enn betur. Hann geti þó ekki annað en verið sammála því að honum finnist nokkur gjá vera milli stjórnarinnar og félaganna. Einfaldir hlutir eins og að opna aðeins á stjórnarfundum með því að senda út fundargerðir séu sjálfsagður hlutur. Opin samskipti og gegnsæi skipta gríðarlegu máli. Ekki sé ljóst hvort margir hreinlega viti hvað stjórnin sé að gera hverju sinni.

Annað sem hann hefur unnið mikið að í góðu samstarfi við skrifstofuna er tölfraðikerfi sem hann kynnti á formannafundi fyrir nokkrum vikum. Þetta kerfi voni hann að sé það sem koma skuli og taki við af hefðbundnum ritarastörfum, að við getum haft ritaraskýrsluna rafræna og alla leiki í beinni útsendingu á heimasíðu HSÍ og hjá félögunum til dæmis. Forði þetta starfsfólki frá því að sitja langt frameftir kvöldum biðandi eftir misgóðum leikskýrslum frá landinu öllu, skýrslum sem eru mjög útsettar fyrir mistökum eins og hann gerði sjálfur er hann sneri blaðinu vitlaust og sendi bara hvítt blað, síðla nætur, með tilheyrandi uppnámi á skrifstofu.

Kvaðst hann hafa mikla trú á umræddu kerfinu, enda búinn að vinna að því lengi og telji vera það sem koma skuli. Við séum komin það langt á veg með mótun þess og nú sé tilboð komið í verkefnið. Aðeins lokaspretturinn sé framundan, að tryggja fjármagn. Það er alltaf erfiðast, alltaf þar sem hnífurinn stendur í kúnni.

Þetta sé það sem hann vilji skilja eftir sig þegar hann horfir til baka á sína stjórnarsetu í HSÍ. Hefur því mikinn hug á því að klára verkefnið. Óskaði hann því eftir endurkjöri, með þökkum til félaga sinna í stjórn síðustu tvö ár og til Einars Þorvarðarsonar sérstaklega fyrir gott samstarf.

Vigfús Þorsteinsson:

Guðmundur formaður sté í pontu fyrir Vigfúsar hönd. Sjálfur er Vigfús fastur á handboltamóti á Ísafirði með syni sínum. Hefur Vigfús verið formaður mótanefndar síðustu sex ár, verið mjög öflugur í því starfi og gefur kost á sér til endurkjörs.

Þorbergur Aðalsteinsson:

Hefur starfað síðustu 22 ár í sjávarútvegi og verið í alþjóðlegum viðskiptum. Hann kveðst geta talið sér til tekna að hafa ágætis kontakta við gríðarlega sterk fyrirtæki í sjávarútvegi, þótt vissulega sé engu hægt að lofa í þeim efnum. Þorbergur er menntaður sjávarútvegsfræðingur frá Endurmenntun HÍ sem og stjórnsýslufræðingur við Háskólann í Linköping. Kvaðst hann hafa fengið að vinna við handknattleik „meira og minna öll mikilvægustu árin í lífi sínu“. Hefur hann þjálfað alla flokka, í félagsliðum, frá 5. flokki upp í meistaraflokk, öll landslið, unglingalandslið, A-landslið og verið landsliðsþjálfari. Þá hefur hann áður verið í stjórn HSÍ og í stjórn ÍTR og kvaðst geta talið lengi áfram. Var hann og í mörgum stjórnnum á vegum IHF í starfi sínu hjá HSÍ. Eitt af málunum sem voru mikil átakamál á þeim tíma var hröð miðja. Var hann í þeirri nefnd í fimm ár og man hvað menn rifust rosalega út af þessu. Var það þó keyrt í gegn og er núna flott breyting í boltanum.

„Hví vill ég snúa aftur HSÍ?“, spurði hann. Handboltinn er stór þáttur í lífinu, nú finnst honum tími til að leggja sitt af mörkum og telur hann sig geta skaffað margt. Kvaðst hann finna núna að vanti smá drift í sambandið og nú sé lag. Félagsliðin eru núna sterkari og hugsanlega erum við að eignast aftur mjög sterkt landslið. Þá séu unglingalandsliðin góð. Karlamegin stendur handboltinn mjög vel, við vitum hvernig er með kvennaboltann og því máli þarf að fylgja eftir allverulega. Heyrist honum grunnur hafa verið lagður að því.

Við í handboltanum eigum ekki að láta aðrar íþróttagreinar vera að trufla okkur, eins og Þorbergi finnst vera að gerast. Við erum sterkur kjarni og verðum bara að fókusera á okkur sjálf. Þá fannst honum sýnt að í raun þyrfti mjög lítið að gera í fjármálunum til að koma íþróttinni aftur á réttan kjöl.

Að því mæltu höfðu allir frambjóðendur lokið máli sínu.

Að kynningu lokinni fengu atkvæðabærir meðlimir þings atkvæðaseðil til að kjósa sína fjóra fulltrúa.

Greiddir atkvæðaseðlar voru 42, sem gerir 168 atkvæði.

Kosnir voru í stjórn HSÍ til næstu tveggja ára:

- | | |
|---------------------------|------------|
| • Davíð B. Gíslason | 35 atkvæði |
| • Hjalti Þór Hreinsson | 30 atkvæði |
| • Hjördís Guðmundsdóttir | 30 atkvæði |
| • Þorbergur Aðalsteinsson | 29 atkvæði |

Aðrir fengu færri atkvæði.

Ofangreind fjögur voru lýst réttkjörin til setu í stjórn HSÍ til næstu tveggja ára.

Þá voru tilnefndir þrír varamenn í stjórn til eins árs:

- Gunnar Gíslason
- Hannes Karlsson
- Magnús Karl Daníelsson

Engar aðrar tillögur bárust né aðrar athugasemdir.

Ofangreindir þrír voru lýstir réttkjörnir varamenn í stjórn HSÍ til eins árs.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Halldór Arnarson
- Alvar Erlingsson

Engin mótframboð bárust eða aðrar tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn teljast allir réttkjörnir.

20. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Halldór Þorsteinsson
- Smári Hilmarsson
- Berglind Svavarsdóttir

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Þau töldust öll réttkjörin í dómstól HSÍ.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir þrír varadómarar voru:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinnsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Töldust þeir allir réttkjörnir í áfrýjunardómstíl HSÍ.

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Þingforseti bar fram þá tillögu að vali á fulltrúum á íþróttaping verði vísað til stjórnar. Vaninn sé að stjórnin skipi fulltrúa á íþróttaping. Þó ber samkvæmt lögum að kjósa um þetta á ársþingi. Þingforseti spurði hvort einhver hafi út á það fyrirkomulag að setja. Enginn bærði á sér.

Samþykkt samhljóða að val á fulltrúum á íþróttaping ÍSÍ verði sett í hendur stjórnar HSÍ.

23. Þingslit

Áður en þingi var formlega slitið þakkaði Gunnar þingforseti komuna, góða þingsetu og þátttöku. Hafi þing þetta verið hve styst og einfaldast í hans minnum. Lýsti hann þó miður að stór félög hafi ekki séð sér fært að senda fulltrúa. Voni hann að það stafi ekki af áhugaleysi heldur af slíkri einingu innan hreyfingarinnar að fáir finni þörf á að mæta á þetta valdamesta apparat innan handknattleiksins.

Þá þakkaði hann fyrir sig og bauð nýendurkjörinn formann HSÍ í pontu.

Þakkaði Guðmundur B. Ólafsson traustið við endurkjörið. Nýr stjórnarmaður var boðinn velkominn til starfa. Þá ítrekaði hann að mörg verkefni væru framundan, þá helst við fjáröflun og útbreiðslu handboltans, og að gera yrði þetta afmælisár að minningarverðu ári. Þing þetta hljóti að vera meiri lýsing á styrk sambandsins og samheldni heldur en annað. Þá var þingforseta þökkuð röggssamleg stjórnun.

60. ársþingi HSÍ slitið.